



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR RSÍ 2017-2018

Lögð fram á Sambandsstjórnarfundi dagana 27. og 28. apríl 2018



Efnisyfirlit:

Inngangur formanns	6
Starfsemi skrifstofu.....	8
Kjarateymi.....	8
Þjónstuteymi.....	8
Endurhæfingarteymi – VIRK	8
Mínar síður	9
Skrifstofan.....	10
Samstarf iðnaðarmannafélaga - húsnæðismál.....	10
Vinnustaðaeftirlit, tjaldvagnar og Ljósheimar	11
Helstu kennitölur úr bókhaldi:.....	13
Fundir miðstjórnar.....	14
Stjórnir og nefndir RSÍ:	15
Framkvæmdastjórn:	15
Miðstjórn:	15
Sambandsstjórn:.....	15
Starfsnefndir miðstjórnar:	16
Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaganna:.....	16
Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:.....	16
Launanevnd RSÍ:.....	16
Laga- og skipulagsnevnd RSÍ:.....	16
Orlofsnevnd RSÍ:.....	16
Golfnevnd:.....	16
Lífeyrisnevnd RSÍ:	16
Fjölskylduhátíðarnevnd RSÍ:.....	16
Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:	16
Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum:.....	16
Stjórn orlofsbyggðarinnar í Ölfusborgum:.....	16
Úthlutunarnevnd styrktarsjóðs:	16
Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:.....	16
Stjórn Verkiðnar:.....	17
Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:	17
Skoðunarmenn RSÍ:	17



Stjórnarmenn Birtu lífeyrissjóðs:	17
Launanefnd Birtu lífeyrissjóðs:	17
Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs:	17
Stjórn og nefndir ASÍ:	17
Miðstjórn ASÍ:	17
Alþjóðanefnd:	17
Atvinnumálanefnd:	17
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:	17
Menntanefnd:	17
Efnahags- og skattanefnd:	17
Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:	17
Skipulags- og starfsháttanefnd:	18
Velferðarnefnd:	18
Vinnumarkaðsnefnd:	18
Umhverfisnefnd:	18
Starfs- og fjárhagsnefnd:	18
Listasafn ASÍ:	18
Fulltrúaráð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs:	18
Vísinda- og tækniráð:	18
Nýsköpunarsjóður:	18
Atvinnuleysistryggingasjóður:	18
Stjórn Vinnueftirlits ríkisins:	18
Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu - áheyrnarfulltrúi:	18
Félagsdómur:	18
Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum	19
Sveinsprófsnefnd sterkstraums:	19
Sveinsprófsnefnd veikstraums:	19
Menntasjóður rafiðnaðarins:	19
Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:	19
Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:	19
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins	19
Nemaleyfisnefnd sterkstraums	19
Nemaleyfisnefnd veikstraums	19



Stjórnir og nefndir erlendis.....	19
Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):	19
Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF:.....	19
Menntanefnd NEF:	19
Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NBTF:.....	19
Stjórn NBTF:.....	20
Stjórn EBTF:.....	20
Stjórn UNI-ICTS:	20
Stjórn/faghópur UNI-MEI:	20
Stjórnir aðildarféлага RSÍ	21
Félag íslenskra rafvirkja	21
Félag rafeindavirkja	21
Félag íslenskra símamanna.....	21
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	21
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	21
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja.....	21
Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús	21
Félag tæknifólks í rafiðnaði.....	21
Félag kvikmyndagerðarmanna	21
RSÍ-UNG	21
Kjarasamningar 2016-17.....	22
RSÍ-SA/SART	22
Lögfræðimál.....	24
Launakönnun RSÍ 2017	25
Orlofssjóður	30
Skógarnes	31
Nýting orlofshúsanna.....	32
Ný orlofshús.....	32
Tjaldvagnar	33
Punktaávinnsla.....	33
Styrktarsjóður	35
Fjölskylduhátíð RSÍ 2017	36
Erlent samstarf	40



NEF.....	40
NBTF.....	40
EBTF	41
BWI	42
Global power trade unions.....	42
UNI Global.....	43
UNI ICTS norden	43
UNI MEI.....	43
IndustriAll	43
Menntamál rafiðnaðarmanna	44
Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2016.....	45
Starfsár Rafiðnaðarskólans 2017	45
<i>Heimild : Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun</i>	<i>47</i>
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins.....	48
Sveinspróf.....	48
Mat á menntun.....	49
Raunfærnimat.....	49
Rafbók.is	49
Ágrip af starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna 2017.	51
Ályktanir RSÍ á starfsárinu.....	52
Ályktun Sambandsstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands um styttingu bótatímabils atvinnuleysisbóta	52
Ályktun miðstjórnar vegna tilgreindrar séreignar	52
Ályktun um kjararáð	53
Ályktun um menntamál	53
Ályktun um græðgina!	55



Inngangur formanns

Nú þegar starfsárinu 2017-2018 er að ljúka er nauðsynlegt að rýna farinn veg. Fjöldi mála hefur komið upp á starfsárinu sem við reynum að nefna í þessari skýrslu en sú upptalning mun ekki verða tæmandi enda æði mörg verkefni sem hafa komið í starfseminni. Síðasti sambandsstjórnarfundur var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði en á þeim fundi var farið yfir kynningu á siðareglum RSÍ, gerðar voru breytingar á upphæð líkamsræktarstyrks en þá var ákveðið að hækka styrkinn úr 25.000 kr. í 30.000 kr. frá og með 1.1.2018. Kjaramálin voru að sjálfsögðu til umræðu og var stefna RSÍ í kjaramálum rædd nokkuð ítarlega. Á þessum tímamarki var augljóst að kjararáð hafði úrskurðað ríflegar launahækkanir til æðstu stjórnenda hjá ríkinu. Því töldu fundarmenn augljóst að segja ætti kjarasamningum upp í febrúar 2018 og hófst undirbúningur að mótun kröfugerðar á þessum tímamarki. Rætt var um félagsfundaferð sem fyrirhuguð var í maí þar sem RSÍ kallaði eftir sjónarmiðum félagsmanna um mótun kröfugerðar. Fundaferðin var síðan farin í maí mánuði.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, fór yfir málefni nýs sameinaðs lífeyrissjóðs iðnaðarmanna. Ljóst var að mikilvægt skref var stigið við að sameina tvo sambærilega lífeyrissjóði í einn en þó nokkur vinna hefur farið í ýmsa skipulagsvinnu tengt sjóðnum á þessu starfsári. Margt hefur heppnast vel hjá okkur við sameininguna en það eru þó að sjálfsögðu ýmsir hnökrar sem rafiðnaðarmenn hafa ekki verið fullkomlega sáttir við. Má þar helst nefna þann þátt að fjarlægð á milli baklands sjóðsins og starfsemi sjóðsins hafa fjarlægst óþarflega mikið í kjölfar sameiningar en helsta ástæða þess er staðsetning skrifstofu Birtu sem er fjarri öllum tengdum aðilum. Rafiðnaðarmenn hafa lagt á það áherslu að lífeyrissjóðurinn starfræki skrifstofu sem næst verkalýðsfélögunum enda eru það félagsmenn þeirra sem sækja þjónustu til lífeyrissjóðsins einnig og því mikið hagræði fyrir sjóðfélaga að geta farið á einn stað til þess að sækja nauðsynlega þjónustu. Er það von okkar að þetta muni breytast á komandi árum.

Það sem er mjög jákvætt og getur nýst okkur vel til að efla tengsl verkalýðsfélaganna við sjóðinn er að skipað var fulltrúaráð þar sem 90 fulltrúar frá félögunum koma saman til þess að ræða málefni líðandi stundar. Stjórn var skipuð fyrir fulltrúaráðið sem sér um að boða fundi í hópnum þegar þurfa þykir sem og að vinna að ýmsum málefnum sem þarf að huga að.

Félagsfundirnir sem haldnir voru í maí og hafa verið haldnir nokkuð reglulega á hverju ári síðasta rúma áratuginn skipta stjórn RSÍ miklu máli enda dylst það engum að samskipti við félagsmenn er lykilatriði í starfseminni. Að hlusta á félagsmenn og fylgja þeirra stefnu er hlutverk forystu RSÍ. Virkni félagsmanna er mjög mikil í okkar samtökum og er það virðingarvert. Opin samskipti eru að okkar mati lykill að öflugum samtökum launafólks!



Þegar kom að endurskoðun á kjarasamningum í febrúar 2018 var boðað til formannafundar innan ASÍ. Það var ekki samstaða um það hvað ætti að gera við þessi tímamót en nokkur stór félög og landssambönd vildu segja kjarasamningum upp en til þess að fá fram niðurstöðu var ákveðið að fá því stærri hóp til þess að ræða málið og ákveða hvert félagin vildu stefna. Miklar og góðar umræður urðu á fundinum og ljóst var á ræðum fulltrúa RSÍ, VR, Eflingar, AFL starfsgreinafélags og nokkurra smærri félaga á landsbyggðinni að félagsmenn vildu segja kjarasamningum upp. Nokkur hiti var í fundarmönnum og feikna góðar ræður fluttar. Þegar kom síðan að atkvæðagreiðslunni þá var regla sem samþykkt hefur verið fyrir ákvarðanir samninganefndarinnar að bæði þurfti fjölda fundarmanna auk þess sem vægi félagsmanna þyrfti einnig til svo ákvörðun um uppsögn næðist fram. Fór það svo að vægi félaganna var nægilega mikið til þess að segja samningunum upp en hins vegar voru ekki nægilega margir formenn sem voru á þeirri línu og því féll tillagan um uppsögn kjarasamninga. Voru þetta gríðarleg vonbrigði því aðstæður til þess að fara í kjaraviðræður voru einna bestar á þessum tímamarki. Tiltölulega hófleg launahækkun framundan sem nokkuð auðveldlega væri að sækja í viðræðum aftur en ljóst var að kjark og þor skorti hjá mörgum formönnum og höfðu æði mörg félög ekkert hugað að undirbúningi viðræðna! Fjölmargir sem vildu ekki segja kjarasamningum upp töldu tímamark ekki heppilegan og vildu frekar hafa lausa samninga um áramótin 2018/2019 þegar staðan verður væntanlega orðin nokkuð þrengri í efnahagslífinu.

Þessi niðurstaða er ekki góð enda eru meiri líkur á því að staðan í efnahagslífinu verði orðin verri um næstu áramót og svigrúm til launahækkana ekki eins mikið og það er í dag. Enn fleiri úrskurðir kjararáðs hafa fallið en auk þess er að verða of langt liðið frá þessum úrskurðum svo mögulegt verði að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra í efsta lag samfélagsins. Við sjáum það á vormánuðum að úrskurðir kjararáðs hafa farið inn í stjórnir hlutafélaga hér á landi, þeir hafa farið inn í stjórnir opinberra hlutafélaga og ljóst að elíta þessa lands hefur sótt sér launahækkanir sem eru langt umfram þær kröfur sem þeir töldu fáránlega háar þegar verkalýðsfélögin ætluðu að sækja 20% launahækkun fyrir sína félagsmenn en þeir bættu um betur og sóttu sér ein 45% margir hverjir. Þessar hækkanir slá að sjálfsögðu tóninn í næstu samningalotum.

Að öðrum félagsmálum þá hefur miðstjórn RSÍ unnið að því að bæta þjónustu við félagsmenn en má þar nefna nýjan vef sem kallast „mínar síður“ þar sem félagsmenn geta séð helstu upplýsingar um þeirra mál hjá RSÍ og aðildarfélagunum. Þar er mögulegt að sækja um styrki en einnig að fylgjast með því hvort greiðslur berist frá vinnuveitanda. Nánar er hægt að lesa um þessar síður síðar í skýrslunni.

Miðstjórn hefur fjölgað íbúðum á Akureyri þar sem félagsmenn hafa um nokkurt skeið kallað eftir því að bæta aðgengi að húsnæði þar sökum þess að sífellt meiri heilbrigðisþjónusta er veitt þar og því mikilvægt að geta fengið hagstæða gistingu. Sex íbúðir voru keyptar við Kristjánshaga og eru þær komnar í rekstur. Stefnt er að því að fjölga íbúðum á Höfuðborgarsvæðinu en í dag eigum við sex íbúðir í Ljósheimum en nýting þeirra er mjög mikil og ljóst að oft reynist erfiðlega að komast í íbúðirnar þegar á reynir. Sökum mikils skorts á íbúðum á Höfuðborgarsvæðinu og hás fasteignaverðs hefur reynst erfiðlega að finna húsnæði sem hefur hentað. Ljóst er að staðsetningar á íbúðum eru ekki þær sem félagsmenn myndu helst kjósa en þessi vinna mun halda áfram þar til heppilegt húsnæði finnst. Nánari upplýsingar um orlofssjóðinn er að finna síðar í skýrslunni.

Samstaða á komandi mánuðum verður lykillinn að bættri stöðu innan rafiðnaðargeirans og ljóst er að þegar kemur að kjaraviðræðum á næsta vetri þá munum við þurfa að beita góðri „taktík“ og standa saman þegar á móti mun blása! Rafiðnaðarmenn búa að sterkum sjóðum, öflugum verkfallssjóði sem við þurfum að umgangast vel og vandlega en það er komið að því að við munum nýta sjóðinn félagsmönnum til góðs en þar mun svo sannarlega reyna á samstöðu stjórnar og félagsmanna í heild sinni!



Starfsemi skrifstofu

Rekstur RSÍ hefur verið í nokkuð stöðugum rekstri á síðasta starfsári. Haldnir voru 12 opnir félagsfundir víðsvegar um landið auk þess haldnir hafa verið lokaðir fundir á hinum ýmsu vinnustöðum. Mikilvægt er að mati stjórnar RSÍ að halda tengslum við félagsmenn virkum og eru starfsmenn og stjórnarmenn ætíð reiðubúinir til að koma á fundum á vinnustöðum þegar eftir því er óskað.

Helstu verkefni sem skrifstofan sinnir dag frá degi tengjast þremur megin þáttum starfseminnar, þjónusta við félagsmenn vegna kjarasamninga og túlkun þeirra, veiting á styrkjum og svörun á umsóknum og útleiga á orlofshúsum. Auk þess vinna starfsmenn að menntamálum sem eru að sjálfsögðu stór liður í starfinu og mikilvægur liður. Starfinu er skipt niður í þrjú teymi, þjónustuteymi, kjarateymi og endurhæfingarteymi.

Kjarateymi

Kjarateymi er skipað starfsmönnum sem vinna að kjaramálum en það eru Adam Kári, Björn Ágúst, Björn Eysteins., Ísleifur, Kristján Þórður og Ólafur Karl lögmaður. Teymið fundar reglubundið, einu sinni í viku þar sem farið er yfir helstu málefni sem eru í gangi á hverjum tíma. Sérstaklega mikilvægt er að miðla málum á milli starfsmanna innan teymisins og er ferlið skýrt þegar mál þurfa að fara lengra svo sem til dómstóla þá eru starfsmenn vel inni í þeim málum og málin eru vel undirbúin fyrir aðkomu lögmanns RSÍ. Teymið er mjög samstillt og vinnu faglega að málefnum.

Þjónustuteymi

Þjónustuteymið sinnir málefnum orlofs- og styrktarsjóðs auk almennrar móttöku félagsmanna inn á skrifstofu RSÍ. Í þjónustuteyminu eru Álfhildur, Erla Sigríður, Gerður, Sigrún og Adam Kári situr jafnframt fundi teymisins. Þau málefni sem teymið sinnir eru viðamikill þáttur í starfseminni enda er ein mesta tenging við félagsmenn í gegnum málefni sem teymið sinnir. Þjónusta vegna leigu á orlofshúsum er það sem mjög margir sækja auk þess sem nýting á styrkjum sem í boði eru. Auk þess er hluti verkefnanna að sinna bókhaldi, starf gjaldkera og þjónusta við aðildarfélag RSÍ.


Endurhæfingarteymi – VIRK

RSÍ hefur í þjónustu þrjá VIRK ráðgjafa sem mynda teymi og halda þau utan um málefni VIRK. Ráðgjafarnir vinna fyrir þau verkalýðsfélög sem eru á Stórhöfða að Grafíu undanskyldu. Ráðgjafarnir eru Hlín, Rakel og Sigurður Þór.




Mínar síður

Á síðasta starfsári voru teknar í notkun nýjar þjónustusíður þar sem félagsmenn geta sótt um styrki með rafrænum hætti. Síðurnar kallast „Mínar síður“ og eru aðgengilegar í gegnum heimasíðu RSÍ. Með þessum nýja vef hefur tekist að færa umsóknir úr pappírformi yfir á rafrænt form þar sem jafnframt er mögulegt að halda utan um samskipti við félagsmenn vegna styrkja. Þegar umsóknir uppfylla ekki skilyrði sem gerðar eru þá er mögulegt að sjá ástæður þess sem veldur synjun styrkja. Markvisst hefur verið unnið að því að fá félagsmenn til þess að sækja um styrki með rafrænum hætti en það eru þó nokkrir styrkir og bætur sem ekki er mögulegt að sækja um í gegnum „Mínar síður“ en það eru útfararstyrkir og dánarbætur auk þess sem að nauðsynlegt er að sækja um sjúkradagpeninga með skriflegum hætti en mögulega bætist það við í kerfið á seinni stigum. Á mynd 1 má sjá heildarfjölda allra umsókna í hverjum mánuði. Desember mánuður sker sig iðulega úr sökum þess að mikill fjöldi félagsmanna nýtir styrki ársins áður en nýtt ár hefst.




1: Fjöldi allra umsókna í styrktar og sjúkrasjóð

Þegar nýja kerfið var tekið í notkun voru umsóknir eðlilega allar með eldra fyrirkomulagi, skriflegar umsóknir á pappírformi, en í mars síðastliðnum voru rafrænar umsóknir orðnar 63% af heildarumsóknum og pappírumsóknir því 37% en ef við tökum tillit til þeirra umsókna sem ekki er mögulegt að sækja um í gegnum „mínar



2: Umsóknir eftir umsóknaraðferðum



3: Hlutfall mismunandi umsóknaraðferða (án SD, SD8 og dánarbóta)



síður“ þá var hlutfallið 78% rafrænt og 22% á pappírformi. Virkilega góður árangur á innan við ári. Meðfylgjandi töflur, 2 og 3, sýna fjölda umsókna og skiptinguna á mismunandi umsóknaraðferðum.

Skrifstofan

Á síðasta starfsári var ákveðið að flytja starfsemi skrifstofunnar niður á 2. hæð á Stórhöfða 31 en eftir að Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameinuðust undir nafninu Birta lífeyrissjóður var sjóðurinn fluttur í húsnæði sem Sameinaði lífeyrissjóðurinn var í og rúmaði starfsemina nægilega vel. Við þessa tilfærslu losnaði um húsnæði á Stórhöfða 31. Tilfærslan gekk vel fyrir sig og hefur reynst vel en aðkoma inn í húsið er þægilegri fyrir félagsmenn og gesti.

Um nokkurt skeið hefur einnig verið unnið að því að efla samstarf iðnaðarmannafélaganna og varð úr að félögin ætla að auka samstarfið með því að flytja í sameiginlegt húsnæði á Stórhöfða 31. Samiðn og aðildarfélög þess hafa keypt hlut í húsinu að Stórhöfða 31 og unnið er að því að gera breytingar á húsnæðinu þannig að það rúmi starfsemi allra félaganna og er lagt upp með að ein sameiginleg móttaka verði fyrir alla aðila auk þess sem starfsmönnum allra féлага verði raðað niður í húsinu þannig að tengd svið verði staðsett saman, þannig verði starfsmenn sem sinni kjaramálum á einum stað og styrktarsjóðsmál á öðrum. Rýmin verða opin að miklu leyti en hólfuð niður eftir verkefnum auk þess verða næðisrými sem mögulegt er að fara inn í þegar nauðsynlegt er að vinna að trúnaðarmálum. Unnið er að hönnun á rýminu og að teikningar verði tilbúnaðar undir lok aprílmánaðar og þá verði mögulegt að hefja framkvæmdir upp úr því.

Fjöldi starfsmanna hefur breyst á starfsárinu en Þorsteinn Úlfar óskaði eftir því að fara á flýtt starfslok enda kominn á þann aldur að geta farið að hefja töku ellilífeyris. Þorsteinn var ráðinn inn af FTR og var starfsmaður félagsins en RSÍ hefur nýtt þjónustu Þorsteins og greitt fyrir þann hluta. Við þökkum Þorsteini kærlega fyrir ánægjulegt samstarf í gegnum tíðina.


Samstarf iðnaðarmannafélaga - húsnæðismál

Á árinu 2017 var ákveðið að leita að nýju húsnæði sem iðnaðarmannafélögin myndu fjárfesta í sameiginlega ásamt því að Birta lífeyrissjóður myndi fjárfesta í sama húsi. Eftir mikla leit að hentugu húsnæði með staðsetningu, stærðar og verðs þá var ákveðið að Samiðnarfélögin myndu fjárfesta í eignarhluta Stafa lífeyrissjóðs sem sjóðurinn átti í Stórhöfða 31 og breyta húsnæðinu þannig að félögin og landssamböndin geti rekið sameiginlega skrifstofu á Stórhöfða 31. Þau félög sem ekki áttu í húsnæðinu gengu því frá kaupum á þessum hlut á árinu 2017 og stendur yfir vinna við að breyta húsnæðinu þannig að aðkoma félagsmanna verði enn betri. Markmiðið verður að móttakan verði sameiginleg en auk þess verði tengd starfsemi félaganna rekin í meiri nánd en áður. Þannig verði starfsmenn sem sinna kjaramálum staðsettir á sama stað og þannig verði mögulegt að auka samlegðaráhrif og samstarf. Vinnu við breytingar á að ljúka á þessu ári og verður það væntanlega um næstu áramót sem félögin geti flutt upp á Stórhöfða. Það má því búast við nokkru raski á starfsemi á þessu ári á meðan á framkvæmdum stendur.



Vinnustaðaeftirlit, tjaldvagnar og Ljósheimar


Á síðasta starfsári lét Sigurður Steinarsson af störfum eins og fram kom í skýrslu miðstjórnar fyrir ári síðan en Adam Kári var ráðinn til starfa í hans stað þar sem markmiðið var að efla starf okkar í vinnustaðaeftirliti. Verkefni sem þeir félagar hafa sinnt eru fleiri og voru verkefni, auk vinnustaðaeftirlits, eftirlit með orlofsíbúðum í Ljósheimum, umsjón með tjaldvögnum og ýmislegt annað sem til féll. Á síðasta starfsári var ákveðið að kaupa þjónustu frá þriðja aðila til að sinna daglegri umsjón með orlofsíbúðunum í Ljósheimum þar sem nú er jafnframt innifalin þrif í leigu félagsmanna og því ekki nauðsynlegt fyrir félagsmenn að þrifa íbúðirnar að leigu lokinni. Jafnframt var ákveðið á þessu ári að hætta útleigu á tjaldvögnum sökum minni eftirspurnar og breyttrar nýtingar á húsnæðinu að einhverju leyti. Því er ljóst að svigrúm til vinnustaðaeftirlits er enn meira en áður.



4: Fjöldi skráninga fulltrúa RSÍ í vinnustaðaeftirliti.

Vinnustaðaeftirlitið hefur gengið nokkuð vel á undanförunum árum en eftirlitið er rekið í samstarfi fjölda aðildarfélaganna innan ASÍ og hefur ASÍ leitt þetta starf með verkefnastjóra þar innandyra. Adam Kári tók við því kefli á síðasta starfsári þar sem mannaskipti urðu innan ASÍ og leiddi samræmingarstjórnina á tímabili.

Allar vinnustaðaeftirlitið eru skráðar í sameiginlegt tölvakerfi sem rekið er af ASÍ og SA. Þeir aðilar sem hafa aðgang í kerfið eru að auki Ríkisskattstjóri og Vinnumálastofnun þar sem þessar stofnanir fylgjast með þeim aðilum sem skráðir eru og sannreyna að t.a.m. atvinnuleyfi sé til staðar og að skattar og gjöld skili sér í ríkiskassann.




5: Fjöldi skráðra einstaklinga af starfsmönnum RSÍ

Þegar við rýnum í fjölda vinnustaðaheimsókna þá sjáum við að hlutfall skráninga af hálfu starfsmanna RSÍ hefur aukist frá árinu 2016 þegar við vorum hlutfallslega lægst eða 9% eins og sjá má á mynd 4. Árið 2017 voru skráningar af okkar hálfu 13% og það sem af er árinu 2018 er hlutfallið hjá okkur komið í 15%.

Fulltrúar RSÍ hafa hitt og skráð 2.105 einstaklinga á vinnustöðum í þeim heimsóknum sem hafa verið farnar á undanförunum

fjórum árum. Árið 2017 voru skráðir 1.051 einstaklingar en 670 árið á undan. Sjá mynd 5.

Því er ljóst að vinnustaðaeftirlitið er aukið hjá okkur og munum við halda áfram að efla þann hluta starfsins en á árinu 2018 leggjum við upp með að fjölga virkum eftirlitsaðilum og þá með þeim hætti að starfsmenn skrifstofu RSÍ fari með í fleiri formlegar vinnustaðaheimsóknir í eftirlitserindum. Á meðan kjaraviðræður standa ekki yfir er ljóst að með góðri skipulagningu er hægt að nýta starfsmenn í kjarateyminu í vinnustaðaeftirlit enda eru mikil tækifæri fyrir starfsmenn að komast í beina tengingu við vinnustaðina og sjá stöðu mála og fræða félagsmenn um réttindastöðuna.



6: Fjöldi eftirlitsdaga á árunum 2015 til 2018



Helstu kennitölur úr bókhaldi:

Ljóst er að sökum þeirra breytinga sem hafa orðið á skrifstofu RSÍ þá hefur rekstrarkostnaður aukist á milli ára því þegar starfmenn láta af störfum sökum aldurs þá fylgir því kostnaður vegna kjarasamningsbundinna réttinda við starfslokin en getur kostnaður verið aukinn í allt að þrjú ár en fer það eftir aldri starfsmanna.

Félagsgjöld til RSÍ árið 2017 (iðgjöld félagsmanna) námu alls 233,2 milljónum króna og hækkuðu um 20,5 milljónir, það jafngildir 9,6% hækkun á milli ára. Þessi hækkun getur skýrist nokkrum þáttum, fjölgun félagsmanna en þeim hefur fjölgað nokkuð á milli ára, meiri yfirvinnu og þar með hærri heildarlaunum og mögulega auknu launaskriði á vinnumarkaði. Rekstrartekjur í samstæðunnar í heild námu um 786,5 milljónum.

Rekstrargjöld á árinu 2017 námu alls 652,1 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur jákvæð um tæpar 134,5 milljónir og rekstrarafkoma ársins samtals 174,2 milljónir.

Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarféлага. Heildartekjur sambandssjóðs voru um 157,8 milljónir. Rekstrargjöldin námu hins vegar um 126,3 milljónum og því var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur samtals 31,5 milljónir. Sambandssjóður greiðir hins vegar vexti til annarra sjóða sambandsins og aðildarféлага ef sambandssjóður skuldar aðildarfélögum og námu vaxtagreiðslur samtals 9,8 milljónum á milli sjóða og er því rekstrarafkoma sambandssjóðs jákvæð um 21,8 milljónir.

Jákvætt er að vel hefur gengið að fá greiðslur inn á skuldabréfin vegna gamla Rafiðnaðarskólans. Eftirstandandi skuldir eru nú upp á rúmlega 183 milljónir um síðustu áramót og voru greiddar 48,8 milljónir inn á skuldabréfin á árinu. Rétt er þó að geta þess að vegna mistaka hjá gamla Rafiðnaðarskólanum urðu 60 milljónir eftir í bókum skólans yfir áramótin sem áttu að færast yfir til RSÍ. Nú þegar er búið að greiða þessar 60 milljónir og eru eftirstöður þegar þetta er skrifað komnar niður í 123 milljónir. Því ljóst að á árinu 2018 munu niðurgreiðslur verða enn hærri, líklegt er að greiðslur verði um 160 milljónir á árinu 2018. Það má gera ráð fyrir að ef verðbólga helst lág áfram að skuldir skólans verði gerðar upp um mitt ár 2019. Það er vilji stjórnna RSÍ og SART að styrkja okkar menntastofnanir og hefur RSÍ sýnt því skilning að hægt verði á greiðslum inn á skuldabréfin sé þörf á að fjármagna námskeið eða sambærileg verkefni sem eru okkar félagsmönnum til hagsbóta. Á árinu 2018 verður sett aukið fjármagn í rekstur menntakerfis rafiðnaðarins til eflingar þess en samhliða verður hægt að ljúka þessum greiðslum á næsta ári. Sjá nánari umfjöllun um eflingu menntastofnana RSÍ og SART á bls. 44.

Rétt er að vekja athygli á því að Samtök atvinnulífsins hafa skrifað upp á yfirlýsingu með RSÍ um að ekki verði farið fram á lækkun eftirmenntunargjaldsins fyrr en skuldir hafa verið gerðar upp að fullu.



Fundir miðstjórnar

Miðstjórn hefur fundað 14 sinnum á liðnu starfsári auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnarfunda. Helstu málefni sem hafa verið til umræðu eru fyrst að nefna kjaramálin enda hefur verið umrótasamt á vinnumarkaði undanfarin ár. Endurskoðun kjarasamninga fór fram í febrúar 2018 og var það vilji samninganefndar RSÍ og miðstjórnar að segja ætti kjarasamningum lausum sökum aðstæðna á vinnumarkaði, mikilla launahækkana æðstu stjórnenda hjá ríkinu sem og í efsta lagi fyrirtækja og stjórna þeirra. Niðurstaða varð þó önnur og gilda kjarasamningar út árið 2018. Mikil umræða hefur verið um lífeyrismál í kjölfar þess að iðgjöld voru hækkuð til samræmis við opinbera starfsmenn en á sama tíma var ákveðið með samkomulagi við Samtök atvinnulífsins að okkar félagsmönnum yrði gert heimilt að ráðstafa þeirri viðbót í bundna séreign en endanlegri útfærslu á því hefur seinkað verulega. Fyrir lá að þáverandi ríkisstjórn ætlaði að leggja fram lagafrumvarp til þess að taka á þessum breytingum í kerfinu en þegar á reyndi skorti kjark og þor og ljóst var að embættismenn stóðu í vegi fyrir slíku sem hefur væntanlega verið sökum áhrifamanna innan „frjálsu“ bankasjóðanna sem settu sig á móti þessum breytingum því þær gætu komið í veg fyrir að sjóðfélagar færu með hluta iðgjalda til þeirra sjóða. Nú hefur nýverið komið upp hversu illa er að staðið að stjórnun þessara sjóða því þeir fela í einhverjum tilvikum tengdum banka alla eignastýringu án þess að huga að hagsmunum viðkomandi sjóðfélaga, að mati FME.



7: Miðstjórn RSÍ 2018

Talið frá vinstri til hægri: Jón Óskar Gunnlaugsson, Ragnar G. Gunnarsson, Bára Halldórsdóttir, Hafliði Sívertsen, Þórunn S. Jónsdóttir, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Borgþór Hjörvarsson, Helgi Jónsson, Helgi Marteinn Ingason, Eyjólfur Ólafsson, Ómar Baldursson, Andri Jóhannesson, Árni Grétar Torfason, Einar Hafsteinnsson, Sigmundur Grétarsson og Jakob Tryggvason.

Á myndina vantar aðalmenn miðstjórnar: Kristján Helgason, Steinar Guðjónsson, Sigurjón Ólason, Trausta Þór Friðriksson, Einar Ágúst Kristinsson og Fahad Fal Jabali.



Stjórnir og nefndir RSÍ:

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV

Varaformaður: Borgþór Hjörvarsson, FÍR

Ritari: Helgi Jónsson, RFN

Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTR

Meðstjórn: Guðrún S. Bergþórsdóttir, FÍS

Meðstjórn: Kristján Helgason, FÍR

Meðstjórn: Eyjólfur Ólafsson, FRV

Miðstjórn:

Aðalmenn:

Andri Jóhannesson, FRV

Árni Grétar Torfason, RSÍ-UNG

Bára Halldórsdóttir, FRV

Einar Ágúst Kristinsson, FSK

Einar Hafsteinsson, FÍR

Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR

Hafliði Sívertsen, FTR

Helgi Marteinn Ingason, FÍR

Jón Óskar Gunnlaugsson, RFS

Steinar Guðjónsson, FRS

Ragnar G. Gunnarsson, FTR

Sigmundur Grétarsson, FÍR

Sigurjón Ólason, FTR

Trausti Þór Friðriksson, FÍS

Fahad Falur Jabali, FK (auka til þings)

Varamenn:

Margrét Arnarsdóttir, RSÍ-UNG

Ársæll Freyr Hjálmsón, FÍR

Davíð E. Sigmundsson, FRV

Eiríkur Arnar Björgvinsson, RFS

Finnur Víkingsson, RFN

Hafþór Ólafsson, FTR

Hrafn Guðbrandsson, FÍR

Jón Hafsteinn Jóhannesson, FÍS

Páll S. Guðmundsson, FTR

Ómar Baldursson, FRS

Haraldur Örn Sturluson, FÍS

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR

Þórunn S. Jónsdóttir, FRV

Jóhannes Tryggvason, FK (auka til þings)

Sambandsstjórn:

Aðalmenn:

Anna Melsteð, FTR

Björn Eysteinnsson, FRV

Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTR

Friðrik Friðriksson, FÍR

Gauti Þorvaldsson, FÍR

Guðmundur Gunnarsson, FÍR

Gunnlaugur Snædal, FTR

Gústaf Eggertsson, RFN

Hafdís María Kristinsdóttir, FÍR

Haukur Ágústsson, FRV

Ylva Dís Knútsdóttir, FÍS

Hlynur Ingvi Samúelsson, RSÍ-UNG

Jón Grétar Herjólfsson, RFS

Árni Haraldur Jóhannesson, FÍS

Þorvaldur Þorvaldsson, FRS

Varamenn:

Andri Reyur Haraldsson, FÍR

Arnar Stefánsson, RFS

Ármann Helgi Guðmundsson, FRV

Benedikt H. Sigurðsson, FÍR

Björn Friðriksson, FÍR

Borgar Þorsteinsson, FTR

Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTR

Guðmundur Sigurðsson, FÍS

Helgi Guðmundsson, FRS

Ívar Baldvin Júlíusson, RSÍ-UNG

Kári Snædal, FTR

Páll Þór Vilhelmsson, RSÍ-UNG

Reynir Jónsson, RFN

Runólfur Helgi Jónasson, FÍR

Tryggvi Gunnarsson, FÍR

Vagn Jóhannes Jónsson, FRV

Þór Ottesen Pétursson, FÍR



Starfsnefndir miðstjórnar:

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga:

Ísleifur Tómasson

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:

Ísleifur Tómasson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Árni Jakobsson

Launanefnd RSÍ:

Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Kristján Helgason og Jón Hafsteinn Jóhannesson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:

Rúnar Bachmann, Jakob Tryggvason, Trausti Þór Friðriksson, Adam Kári Helgason og Jón Óskar Gunnlaugsson.

Orlofsnefnd RSÍ:

Einar Á. Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Orri Þór Bogason, Sigmundur Grétarsson og Guðrún S. Bergþórsdóttir.

Starfsmaður: Björn Ágúst Sigurjónsson

Golfnefnd:

Guðbjörn Ólafsson, Guðni Ingimundarson, Hjalti Rúnar Sigurðsson, Óskar Ingi og Davíð Arngrímsson

Lífeyrisnefnd RSÍ:

Jakob Tryggvason, Einar Hafsteinsson, Bára Halldórsdóttir, Sigmundur Grétarsson, Ómar Baldursson

Starfsmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fjölskylduhátíðarnefnd RSÍ:

Bára Halldórsdóttir, Einar Ágúst Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Jakob Tryggvason, Stefán Sveinsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarsstöðum:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Ölfusborgum:

Ísleifur Tómasson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:

Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Erla Sigríður Erlingsdóttir

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:

Andri Reyr Haraldsson og Tómas Tómasson



Stjórn Verkiðnar:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:

Björn Ágúst Sigurjónsson og Ísleifur Tómasson

Skoðunarmenn RSÍ:

Aðalmenn: Anna Sigríður Melsteð og Haukur Ágústsson

Varamenn: Árni H. Jóhannsson

Stjórnarmenn Birtu lífeyrissjóðs:

Aðalmenn: Jakob Tryggvason (kjörinn til ársfundar 2018)

Varamaður: Einar Hafsteinsson (kjörinn til ársfundar 2018)

Launanefnd Birtu lífeyrissjóðs:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson (kjörinn 2016 til þriggja ára)

Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs:

Formaður stjórnar: Rúnar Bachmann

Aðalmaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Stjórn og nefndir ASÍ:

Miðstjórn ASÍ:

Aðalamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Borgþór Hjörvarsson

Alþjóðanefnd:

Aðalmaður: Helgi Jónsson

Varamaður: Björn Eysteinnsson

Atvinnumálanefnd:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Björn Eysteinnsson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Aðalmaður: Hafdís María Kristinsdóttir

Varamaður: Bára Halldórsdóttir

Menntanefnd:

Aðalmaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Varamaður: Stefán Sveinsson

Efnahags- og skattanefnd:

Aðalmaður: Björn Ágúst Sigurjónsson

Varamaður: Jón Óskar Gunnlaugsson

Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:



Aðalmaður: Bára Halldórsdóttir

Varamaður: Jakob Tryggvason

Skipulags- og starfsháttanefnd:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Velferðarnefnd:

Aðalmaður: Ísleifur Tómasson

Varamaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Vinumarkaðsnefnd:

Aðalmaður: Björn Ágúst Sigurjónsson

Varamaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Umhverfisnefnd:

Aðalmaður: Björn Eysteinnsson

Varamaður: Svanborg Hilmarsdóttir

Tilnefndur af miðstjórn ASÍ: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Starfs- og fjárhagsnefnd:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Listasafn ASÍ:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs:

Ísleifur Tómasson

Vísinda- og tækniráð:

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson (tilnefning 2. september 2016 til þriggja ára)

Nýsköpunarsjóður:

Kristján Þórður Snæbjarnarson (tilnefning 17. maí 2017 til aðalfundar 2018)

Atvinnuleysistryggingasjóður:

Varamaður: Ísleifur Tómasson (skipunartími til ágúst 2018)

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins:

Björn Ágúst Sigurjónsson (skipunartími 2. september 2015 til ágúst 2019)

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu - áheyrnarfulltrúi:

Björn Ágúst Sigurjónsson (skipunartími ótilgreindur)

Félagsdómur:

Aðalmaður: Rúnar Bachmann

Varamaður: Haukur Ágústsson



Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraums:

Aðalmaður: Sigurður Sigurðsson formaður

Varamaður: Einar Ragnarsson og Jón Ólafur Halldórsson

Sveinsprófsnefnd veikstraums:

Davíð E. Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson

Menntasjóður rafiðnaðarins:

Aðalmenn: Rúnar Bachmann formaður og Örn Kristinsson

Varamaður: Ragnar G. Gunnarsson

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:

Sigurður Sigurðsson (til 19. mars 2018), Hafliði Sívertsen (aðalmaður frá 19. mars 2018) og Ásvaldur Kristjánsson

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:

Andri Jóhannesson og Guðmundur Ævar Guðmundsson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn: Svanborg Hilmarisdóttir, rafvirki

Bjarni Þór Ólafsson, símsmiður

Jón Ingi Skúlason Öfjörð, rafveituvirki

Varamenn: Þórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindavirki

Jakob Tryggvason, tæknimaður

Stefán Sveinsson, rafvirki

Nemaleyfisnefnd sterkstraums

Aðalmenn: Ísleifur Tómasson og Stefán Sveinsson

Varamaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Nemaleyfisnefnd veikstraums

Aðalmenn: Hjörtur Bjarnason og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Sighvatur D. Sighvatz

Stjórnir og nefndir erlendis

Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF:

Ísleifur Tómasson, formaður nefndarinnar

Menntanefnd NEF:

Stefán Sveinsson

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NBTF:

Ísleifur Tómasson



Stjórn NBTF:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Borgþór Hjörvarsson

Stjórn EBTF:

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn UNI-ICTS:

Aðalmaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Varamaður: Björn Eysteinnsson

Stjórn/faghópur UNI-MEI:

Jakob Tryggvason



Stjórnir aðildarfélaga RSÍ



Félag íslenskra rafvirkja

Formaður: Borgþór Hjörvarsson
Varaformaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson
Ritari: Andri Reyur Haraldsson
Gjaldkeri: Kristján Helgason
Meðstjórn:
Hafdís María Kristinsdóttir, Hrafn Guðbrandsson og Valdimar Hannesson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Eyjólfur Ólafsson
Varaformaður: Hörður Bragason
Ritari: Davíð E. Sigmundsson
Gjaldkeri: Andri Jóhannesson
Meðstjórn:
Haukur Ágústsson, Bára Halldórsdóttir og Örn Kristinsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Guðrún S. Bergþórsdóttir
Varaformaður: Jón Hafsteinn Jóhannesson
Ritari: Haraldur Örn Sturluson
Gjaldkeri: Trausti Þór Friðriksson
Meðstjórn:
Ylva Dís Knútsdóttir

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Helgi Jónsson
Varaformaður: Finnur Víkingsson
Ritari: Reynir Jónsson
Gjaldkeri: Gústaf Eggertsson
Meðstjórn:
Árni Skarphéðinsson

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Steinar Guðjónsson
Varaformaður: Ómar Baldursson
Ritari: Þorvaldur Þorvaldsson
Gjaldkeri: Birgir Rafn Sigurjónsson
Meðstjórn:
Guðmundur Smári Jónsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Jón Óskar Gunnlaugsson
Varaformaður: Eiríkur A. Björgvinsson
Ritari: Guðni Ingimundarson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson
Meðstjórn:
Aron Valgeir Gunnlaugsson

Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús

Formaður: Einar Á. Kristinsson
Varaformaður: Atli Már Sigurjónsson
Ritari: Gunnar Ásgeirsson
Gjaldkeri: Rúnar Páll Brynjúlfsson
Meðstjórn:
Kristinn Einarsson og Jón Eiríkur Jóhannesson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Hafliði Sívertsen
Ritari: Hafþór Ólafsson
Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson
Meðstjórn:
Sigurjón Ólason

Félag kvikmyndagerðarmanna

Formaður: Fahad Falur Jabali
Varaformaður: Jóhannes Tryggvason
Ritari: Anna Þóra Steinþórsdóttir
Gjaldkeri: Sigríður Rósa Bjarnadóttir
Meðstjórn:
Stefanía Thors, Hákon Már Oddsson og Hákon Sverrisson

RSÍ-UNG

Formaður: Árni Grétar Torfason, FRS
Varaformaður: Margrét Arnarsdóttir, FÍR
Meðstjórn:
Hlynur Ingvi Samúelsson (FRV) ritari, Halldór Gauti Kárason (RFN), Eiríkur Arnar Björgvinsson (RFS), Fannar Scheving Edwardsson (FTR), Svandís Kristbergisdóttir (FÍS), Gauti Þorvaldsson (FÍR), Atli Rafn Sívertsen (FTR) og Halla Vilborg Jónsdóttir (FÍS)



Kjarasamningar 2016-17


RSÍ-SA/SART

Á liðnu starfsári hefur verið unnið að undirbúningi kjaraviðræðna. Farið var í gegnum endurskoðun á forsendum kjarasamninga þar sem RSÍ taldi rétt að segja kjarasamningum upp sökum forsendubrests og nutum við stuðnings stærstu félaga innan ASÍ. Allt kom fyrir ekki og samningar héldu sökum þess að minni verkalýðsfélög töldu heppilegra að bíða lengur og fá 3% launahækkun sem framundan væri auk þess sem þau töldu að félagsmenn væru ekki tilbúin í að styðja við átök um kjörin. Þarna teljum við algjört vanmat á vilja félagsmanna.

Þann 1. júlí 2017 kom fram hækkun á lífeyrissjóðsiðgjaldi en þá hækkaði mótframlag atvinnurekenda í samtryggingarsjóð um 1,5 prósentustig og nú eru einungis örfáir mánuðir þar til síðasta hækkunin kemur fram en það verður 1. júlí 2018 þegar mótframlagið hækkar aftur um 1,5 prósentustig og verður þá mótframlag atvinnurekenda 11,5%. Frá þeim tímapunkti mun réttindaávinnsla verða um það bil 76% af meðalævitekjum landsmanna. Rétt er þó að hafa það í huga að ávinnslan hefst frá þessum tíma og það mun taka 40 ára greiðslur með þessari upphæð að ná þeim réttindum. Þetta er stórt skref í réttindamálum okkar. Þessu til viðbótar var þó ákveðið að mögulegt yrði að ráðstafa þessu aukna mótframlagi í séreignarsjóð en sú krafa kom frá RSÍ og var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að fá þennan valkost. Sjóðfélagar verða auðvitað að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif það hefur að lækka framlagið því það hefur bein áhrif á réttindaávinnsluna. Á móti á viðkomandi meiri persónubundna séreign sem þá erfist til erfingja falli viðkomandi frá áður en hann hefur nýtt séreignina. Þetta getur líka veitt aukið svigrúm til að stilla upp tekjum þegar kemur að starfslokum.

Þeir tímar sem við erum að upplifa núna eru jafnframt einhverjir merkilegustu tímar samfélagsins. Kaupmáttur launa hefur aukist meira en nokkurn tímann áður. Verðbólga hefur aldrei mælst jafn lág í jafn langan samfelldan tíma. Rúmlega fjögur ár þar sem verðbólga er undir markmiðum Seðlabanka Íslands. Þessi tími er samfélaginu gríðarlega verðmætur og sjá það allir sem vilja að í þessu árferði er mun auðveldara að fylgjast með fasteignalánnum því vaxtaþátturinn er hófstiltari fyrir vikið. Stýrivextir Seðlabankans eru reyndar ennþá úr takti við raunveruleikann því raunvextir hafa verið mjög háir en samt sem áður sést þessi ávinningur að verðtryggð lán hækka mun minna í hverjum mánuði en þegar verðbólga er hærri.

Kaupmáttaraukningin sést vel hjá rafiðnaðar- mönnum sem og öðrum landsmönnum. Á línu- ritinu, mynd 8, má sjá hvernig almennar launa- hækkanir kjarasamning- anna hjá RSÍ, gagnvart SA/SART, hafa verið gagnvart verðbólgu á sama tíma. Tímabilið er frá 2011 en verðlags- upplýsingar vantar eðlilega vegna ársins 2018.




8: Þróun almennra hækkana á móti verðlagsbreytingum



Árið 2014 var mjög eftirminnilegt þar sem almenn launahækkun kjarasamninganna var upp á 2,8% en á sama tíma var verðbólgutakturinn nokkuð hár. Með samstilltu átaki var farið í að slá á verðbólgu sem tókst með þessum hætti. Allt upp frá því hefur verðbólga verið lág og eru þar fjölmargir þættir sem spila helst inn í en stærsti þátturinn er og verður alltaf íslenska krónan. Á meðan við höfum sjálfstæða krónu, örmynt, þá mun verðlag hér á landi sveiflast í takt við krónuna. Við verðum því að gera upp við okkur hvort við viljum hafa sveigjanleika í krónunni en þá megum við alltaf búast við neikvæðu hliðinni sem er óstöðugt verðlag.

ASÍ hefur tekið saman tölur um hverju launastefnan hefur skilað frá þjóðarsáttinni sem gerð var á árunum 1990-1992 og gert samanburð við tímabilið fyrir þjóðarsáttina. Eins og sjá má á mynd 9 þykir nokkuð augljóst að gjörbreyttar launastefnur voru á þessum tímum en jafnframt töluverður munur á ávinningnum af þeim.

Hefur breytt kjarastefna skilað árangri?



9: Breytingar á launastefnum síðustu áratuga *Heimild ASÍ

Á árunum frá 1962 til 1990 voru raunlaunahækkunir á tímalaunum mjög miklar og á öllum tímabilunum taldar í tugum prósentu. Á þessum tíma var sífellt verið að hækka laun með „alvöru“ launahækkunum til þess að halda í við verðbólgu þess tíma. Sífelldar gengisfellingar til þess að lækka laun tóku við og laun voru þá hækkuð aftur til þess að veða á móti þessum gengisfellingum. Við þekkjum þessa sögu flest. Það sem er áhugavert að rifja upp er að kaupmáttur tímalauna lækkaði iðulega þrátt fyrir að tímalaun

hafi verið hækkuð um hátt í 50% á milli ára. Menn vilja meina að með því að hækka laun með þessum „alvöru“ launahækkunum sé ekki þar með sagt að raunverulegur ávinningur skili sér í veskið hjá launafólki.

Eftir tíma þjóðarsáttarinnar má sjá á fjólubláu línunni að kaupmáttur launa hefur nokkuð jafnt og þétt, að hrun-árunum undanskildum, aukist nokkuð verulega. Kaupmáttur launa endurspeglar mismun á vísitölu launa (launaskrið) og vísitölu neysluverðs (verðbólgu).

Þegar við síðan förum í að rýna í hvaða launastefnu við ætlum okkur að miða við þá hafa félagsmenn viljað halda í stöðugleikann en jafnframt auka kaupmátt launa í öruggum skrefum. Það er ljóst að á undanförunum árum hefur okkur tekist að auka kaupmáttinn nokkuð mikið og ljóst er að staðan í efnahagslífinu er farin að þrengjast nokkuð. Heppilegast hefði sennilega verið að samningsaðilar myndu reyna að tóna aðeins niður launahækkunir á næstu árum til þess að koma í veg fyrir alvarlega ofhitnun í efnahagslífinu og með þeim hætti halda í aukinn kaupmátt launa. Það er hins vegar ómögulegt að sjá hvornig það eigi að vera mögulegt þegar hæstu herrar þessa samfélags vilja ekki taka þátt í þessu samfélagslega verkefni okkar. Alþingismenn vilja alls ekki skila aftur 45% launahækkun sem þeir fengu í anda fyrri tíma. Opinberir embættismenn vilja alls ekki láta lækka laun sín enda fengu þeir svipaðar hækkunir, 50% eða þar um kring. Stjórnir ohf. fyrirtækja vilja alls ekki lækka laun stjórnarmanna sem



hafa verið í þessum takti. Forseti Íslands vill losna við þessa launahækkun! Hr. Guðni Jóhannesson er til fyrirmyndar í þeim efnum.

Nei efsta lag samfélagsins ætlar ekki að dansa í takt. Spyrja sennilega inn í lokaða hópa „Af hverju borðar fólk ekki bara kökurnar ef brauðið er búið?“

Því er ljóst að á komandi mánuðum verður kjarabaráttan mun harðari en við höfum átt að venjast á síðustu árum. Alþingi er að bjóða upp á ósætti í samfélaginu í stað þess að byggja undir réttlátara samfélag.

Rafiðnaðarmenn hafa sætt sig við minni hlut af kostnaðarhækkun kjarasamninga til þess að hækka lægstu laun samfélagsins að undanfögnu. Þetta gerir það að verkum að laun okkar félagsmanna hafa dregist aftur úr öðrum hópum, ekki bara þeim lægstu heldur einnig hópum sem eru ekki innan ASÍ og ljóst er að tími er kominn til þess að sækja á og draga úr þessum mun.

Lögfræðimál

Frá ágúst 2017 ári hefur Ólafur Karl Eyjólfsson starfað í afleysingum sem lögmaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Þau verkefni sem Ólafur hefur fyrir höndum, snúast einna helst að kjaramálum. Hann hefur rekið þrjú mál fyrir dómstólum á þessum tíma, tvö fyrir héraðsdómi og eitt fyrir félagsdómi. Nánari lýsing á einstökum málum er hér að neðan. Tvö önnur mál hafa verið þingfest og bíða flutnings. Ýmis önnur mál hafa á þessum tíma ratað inn á hans borð eins og mál er varða nýtt fyrirkomulag á Stórhöfða 31, það er að þrjú önnur stéttarfélög eru að koma inn í húsið. Þá hefur hann komið að orlofsmálum, varðandi kaup og sölu á orlofshúsi, veitt ráðgjöf til félagsmanna vegna gjaldþrots atvinnurekanda, átt í samskipti við Vinnumálastofnun vegna atvinnuleysisbóta, veitt ráðgjöf vegna eineltis á vinnustað, gert fræðsluerindi varðandi #metoo byltinguna og unnið í sérfræðinefnd ASÍ á sviði persónuverndarmála.

Hér að neðan má sjá þau mál, sem hann hefur rekið fyrir félagsmenn Rafiðnaðarsambands Íslands:

E-950/2017þ Héraðsdómur Reykjavíkur. Félagsmaður gegn RÚV. Deilt um hvort fyrirtækjasamningur ætti að fylgja taxta breytingum í aðalkjarasamningi. Ekki talið að samningurinn tengist þannig við aðalkjarasamning. RÚV sýknað. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

E-3332/2016. Héraðsdómur Reykjavíkur. Félagsmaður gegn Vodafone. Deilt um hvort greiða ætti orlof á bakvaktir. Dómurinn féllst á rökin, en sökum tómlætis var sýknað. Hafði fordæmisgefandi áhrif og leiddi til leiðréttinga með tilheyrandi greiðslum og breyttu fyrirkomulagi í framtíðinni.

Mál nr. 2/2018. Félagsdómur. Félagsmaður gegn Álverinu á Grundartanga. Deilt um hvort greiða eigi 15% liðstjóraálag á bakvaktir hjá þeim sem leysti af liðstjóra á dagvaktinni á undan. Málið flutt og dómtekið

Héraðsdómur Vesturlands. Félagsmaður gegn Meitli ehf. Deilt um orlof. Ógreitt eða fyrnt. Beðið eftir boðun í aðalmeðferð. Gagnaöflun lokið.

Héraðsdómur Vesturlands. Félagsmaður gegn Hval hf. Deilt um greiðslu á sérstökum greiðslum. Beðið eftir boðun í aðalmeðferð.





Launakönnun RSÍ 2017

Rafiðnaðarsambandið hefur fengið Gallup til þess að gera launakönnun á meðal félagsmanna í september ár hvert frá 2006. Mikill og góður gagnabanki hefur með þessu móti myndast sem er aðgengilegur félagsmönnum í gegnum vefsíðu RSÍ. Mögulegt er að fylgjast með þróun dagvinnulauna, heildarlauna, fjölda vinnustunda og fleiri þátta og mikilvægt er að halda þessari vinnu áfram.

Úrtak úr félagatali eru 4.136 félagsmenn þar af fengu 2.910 manns sendan tölvupóst en 1.226 félagsmenn fengu sent bréf með lykilorði. Fjöldi svarenda var 1.538 manns eða svarhlutfall upp á 37%. Félagsmenn eru beðnir um að hafa launaseðla við höndina þegar spurningum er svarað.

Þegar félagsmenn eru spurðir út í vinnutíma þá er vinnutími fólks í fullu starfi að meðaltali 184 klst. Í fullri dagvinnu eru 173,33 klst. að meðaltali og því ljóst að almennt er nokkur yfirvinna unnin í mánuðinum.

Vinnutími fólks í fullu starfi – september 2017




10: Vinnutími fólks í fullu starfi

GALLUP®



Fjöldi yfirvinnutíma hefur sveiflast örlítið á undanförunum árum. Árið 2008 voru yfirvinnutímar að meðaltali 31 en árið 2017 voru þeir 21 klst.

Vinnutími – yfirvinnutími fólks í fullu starfi



GALLUP®



11: Yfirvinnutími fólks í fullu starfi

Mikilvægustu upplýsingarnar úr launakönnuninni fyrir RSÍ eru heildardagvinnulaun okkar félagsmanna. Einu upplýsingarnar sem tiltækar eru á íslenskum vinnumarkaði um dagvinnulaun okkar félagsmanna fást með launakönnun sem þessari. Skrifstofa RSÍ getur á tiltölulega einfaldan hátt nálgast upplýsingar um heildarlaun félagsmanna en þær upplýsingar nýtast ekkert til þess að greina raunverulega stöðu okkar fólks. Markmið RSÍ er að ná að hækka dagvinnulaun og þá þannig að fólk geti lifað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum í stað þess að þurfa að vinna langan vinnudag eingöngu til að ná endum saman.

Í september 2017 voru meðaldagvinnulaun rafiðnaðarmanna 562 þúsund. Dagvinnulaunin eru þar með að hækka um 5,1% á milli ára eða úr 535 þúsundum. Eins og sjá má í meðfylgjandi mynd þá hafa meðaldagvinnulaun rafiðnaðarmanna hækkað um 71% frá árinu 2007 og þar af hafa laun hækkað um ríflega 54% frá árinu 2011.

Á sama tíma er áhugavert að fylgjast með því hverjar almennar launahækkanir hafa verið samkvæmt almennum kjarasamningum. Ef við horfum til ársins 2007 þá hafa almennar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum verið 55,5% en frá árinu 2011 hafa almennar kjarasamningsbundnar hækkanir verið um 33%.

Ef við lítum hins vegar til þess hvað lægsti taxti rafiðnaðarsveins hefur hækkað frá 2007 þá er sú hækkan upp á 87%! En frá 2011 hefur lægsti taxti rafiðnaðarsveins hækkað um 41,5%.


Á sama tíma og dagvinnulaun hækkuðu um 5,1% á milli ára að meðaltali þá var ársverðbólga eingöngu 1,4%. Því hefur kaupmáttur heildardagvinnulauna félagsmanna RSÍ aukist um 3,7% ef við miðum við þessar upplýsingar.



Mánaðarlaun í september 2017 – Fullt starf

Með mánaðarlaunum er átt við grunnlaun fyrir skatta. Ekki er átt við greiðslur fyrir yfirvinnu, álag eða bónusa.

Meðaltal	562.234 kr.
Vikmörk ±	10.158 kr.
Staðalfrávik	173.855 kr.
Miðgildi	525.000 kr.



GALLUP

12: Heildardagvinnulaun fólks í fullu starfi


Einnig er spurt út í hver heildarlaun félagsmanna eru en vekjum við sérstaka athygli á að þær tölur eru samanburðarhæfar við upplýsingar úr félagakerfi RSÍ. Það hefur ætíð verið töluvert góð fylgni á milli þeirra talna. Þessar tölur er jafnframt mögulegt að bera saman við upplýsingar frá Hagstofu Íslands og ber þeim einnig nokkuð vel saman þó svo að það sé alltaf einhver munur. Næsta tafla sýnir hvernig heildarlaun rafiðnaðarmanna hafa þróast á undanförunum árum. Heildarlaun rafiðnaðarmanna hafa hækkað um 68% frá árinu 2007. Sérstök athygli er vakin á því að á sama tíma hefur yfirvinnutímum fækkað og því er raunhækkun meiri. Heildarlaun félagsmanna eru 712 þúsund krónur í september 2017 og hafa hækkað um 5,6% eða úr 674 þúsund krónum árið á undan. Það er ljóst að launahækkningar hafa verið að minnka á milli síðustu tveggja ára en samt sem áður eru launahækkningar að skila mikilvægum ávinningi fyrir félagsmenn.



Tímakaup

Eingöngu þeir sem svöruðu að tímakaup væri fyrirkomulag launagreiðslna voru spurðir þessarar spurningar.

Meðaltal	2.761 kr.
Víkmörk ±	74 kr.
Staðalfrávik	590 kr.
Miðgildi	2.721 kr.



GALLUP

13: Tímakaup hjá þeim sem fá laun greidd eftir tímagjaldi.

Spurt var út í hvort félagsmenn fengju greidd laun eftir tímakaupi og þá hversu hátt tímakaupið væri hjá þeim sem svöruðu því til að svo væri. Meðaltímakaupið var 2.761 kr.



Félagsmenn voru einnig spurðir út í afstöðu þeirra til starfsemi RSÍ og hvar þeir teldu að þyrfti að gera úrbætur. Ljóst er að flestir telja að þörf sé á úrbótum í kjaramálunum sem er algjörlega eðlilegt. Við eigum að setja meiri orku í kjaramálin og verður sennilega seint sem félagsmenn telja að staðan þar verði góð. En betur má ef duga skal. Ánægja með starfsemi RSÍ helst nokkurn vegin óbreytt á milli ára, þeim fjölgar sem eru ánægðir eða hvorki né en fækkar sem eru frekar eða mjög óánægðir með starfsemi sambandsins. Það er mikilvægt að reyna að gera enn betur á komandi árum með bættri þjónustu við félagsmenn.

Launatafla 1. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir stéttarfélagi

	Mánaðarlaun í þús. kr.				Heildarlaun í þús. kr.				Fjöldi	Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk	Meðal-tal	25% mörk	Mið-gildi	75% mörk		
Alls	562	450	525	650	712	560	680	848	1129	
Stéttarfélag										
Félag rafeindavirkja	617	498	590	720	738	600	730	860	168	738
Félag íslenskra rafvirkja	546	448	505	610	750	593	709	874	416	750
Félag íslenskra símamanna	594	470	560	674	655	530	613	730	99	655
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	545	475	495	620	739	600	698	905	26	739
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	518	456	495	544	746	597	701	890	54	746
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	511	435	499	581	738	513	716	925	28	738
Félag tæknifólks í rafiðnaði	558	425	532	650	660	525	627	782	331	660
Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús									3	
Félag kvikmyndagerðarmanna									4	

Launatafla 2. Breytingar á mánaðarlaunum og heildarlaunum milli ára (starfsfólk í fullu starfi)

	Mánaðarlaun í þús. kr.			Heildarlaun í þús. kr.			Fjöldi		% breyting á heildarlaunum
	Meðaltal	2016	% breyting	Meðaltal	2016	% breyting	2017	2016	
Alls	562	535	5%	712	674	6%	1129	1147	
Stéttarfélag									
Félag rafeindavirkja	617	588	5%	738	715	3%	168	180	3%
Félag íslenskra rafvirkja	546	522	5%	750	702	7%	416	427	9%
Félag íslenskra símamanna	594	553	7%	655	600	9%	99	106	4%
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	545	489	11%	739	711	4%	26	27	2%
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	518	522	-1%	746	730	2%	54	52	2%
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	511	524	-2%	738	721	2%	28	26	5%
Félag tæknifólks í rafiðnaði	558	524	6%	660	626	5%	331	326	
Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús							3	4	
Félag kvikmyndagerðarmanna							4	0	



14: Launatóflur eftir stéttarfélagi

Á mynd 14 má sjá samantekt heildardagvinnulauna eftir aðildarfélagum RSÍ. Sýnd eru 25% neðri mörk dreifingar dagvinnulauna sem og 75% efri mörkin. Neðri hluti myndarinnar sýnir hvernig þróun launa hefur verið á milli ára eftir aðildarfélagum. Áberandi er að félagsmenn í landshlutafélagunum eru yfirleitt með lægri dagvinnulaun en önnur sveinafélög sem ná yfir landið að örðu leyti. Í töflunum er einnig hægt að skoða hvernig heildarlaun eru á milli félaga og ára.



Launatafla 3. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir atvinnugrein

	Mánaðarlaun í þús. kr.				Heildarlaun í þús. kr.				Fjöldi	Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk		
Alls	562	450	525	650	712	560	680	848	1129	
Atvinnugrein										
Byggingariðnaði	485	400	470	536	671	515	653	778	155	671
Fjarskiptafyrirtæki	590	470	554	665	691	550	650	800	168	691
Heilbrigðisþjónusta	576	436	530	700	683	550	642	791	26	683
Raforkuframléiðsla/-flutningum	507	443	475	522	841	670	810	993	99	841
Stóriðju	491	418	454	550	807	720	825	896	57	807
Verslun og/eða þjónusta	575	470	550	656	655	550	625	759	115	655
Tækniþjónusta	568	463	546	653	696	550	650	845	175	696
Tölvuiðnaði	676	550	660	785	718	579	700	860	90	718
Upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta	582	450	534	680	676	550	653	790	86	676
Öryggisfyrirtæki	536	470	524	585	677	546	637	733	33	677
Kvikmyndaiðnaði	576	470	550	650	699	490	700	900	15	699
Annað	592	471	560	686	772	561	700	880	91	772

Launatafla 4. Breytingar á mánaðarlaunum og heildarlaunum milli ára (starfsfólk í fullu starfi)

	Mánaðarlaun í þús. kr.			Heildarlaun í þús. kr.			Fjöldi 2017	Fjöldi 2016	% breyting á heildarlaunum
	Meðaltal 2017	Meðaltal 2016	% breyting	Meðaltal 2017	Meðaltal 2016	% breyting			
Alls	562	535	5%	712	674	6%	1129	1147	
Atvinnugrein									
Byggingariðnaði	485	457	6%	671	614	9%	155	143	9%
Fjarskiptafyrirtæki	590	569	4%	691	657	5%	168	183	5%
Heilbrigðisþjónusta	576	487	18%	683	677	1%	26	17	1%
Raforkuframléiðsla/-flutningum	507	489	4%	841	819	3%	99	104	3%
Stóriðju	491	495	-1%	807	767	5%	57	56	5%
Verslun og/eða þjónusta	575	555	4%	655	645	2%	115	99	2%
Tækniþjónusta	568	545	4%	696	673	3%	175	190	3%
Tölvuiðnaði	676	644	5%	718	688	4%	90	100	4%
Upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta	582	557	4%	676	636	6%	86	95	6%
Öryggisfyrirtæki	536	505	6%	677	604	12%	33	38	12%
Kvikmyndaiðnaði	576			699			15	0	
Annað	592	510	16%	772	686	12%	91	111	12%



15: Launatöflur eftir atvinnugrein



Árið 2013 hófum við að spyrja félagsmenn um það í hvaða atvinnugrein þeir ynnu. Flokkarnir voru ákveðnir á þeim tímapunkti þannig að niðurstaðan gæti nýst okkur sem best til þess að greina stöðu hópanna. Þeir hópar sem boðið er upp á eru: byggingariðnaður, fjarskiptafyrirtæki, heilbrigðisþjónusta, raforkuframléiðsla og flutningar, stóriðja, verslun og/eða þjónusta, tækniþjónusta, tölvuiðnaður, upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta, öryggisfyrirtæki og annað. Auk þess var bætt við nýjum flokki eða vinnu við kvikmyndagerð enda nýr hópur innan RSÍ.

Það er ánægjulegt að sjá að hækkan á lægstu töxtum er að skila sér sterkar inn í launakerfin auk þess sem aukin verkefnastaða á vinnumarkaði er að skila sér að einhverju leyti í hærri dagvinnulaunum félagsmanna.

Orlofssjóður

Orlofssjóður RSÍ heldur utan um eignir sem langflestir félagsmenn nýta að öllu jöfnu sér til gagns og gamans til þess að efla fjölskyldutengsl og til þess að aftengja hið daglega amstur og hlaða „batteryin“ eins og sagt er á slæmri íslensku. Almennt eru félagsmenn ánægðir með orlofshúsin sem RSÍ á og rekur en lögð hefur verið áhersla á það á undanförunum árum að tryggja sjálfbærar og góðan rekstur í orlofskerfinu þar sem unnið hefur verið að því að draga úr rekstrarkostnaði og greiða niður skuldir sjóðsins sem voru tilkomnar vegna mikillar og verðmætrar uppbyggingar á hrunárunum. Miðstjórn RSÍ tók á sínum tíma þá mikilvægu ákvörðun að halda áfram uppbyggingu í kerfinu þrátt fyrir erfiða tíma í efnahagslífi þjóðarinnar og var uppbygging á Skógarnesi kláruð þrátt fyrir hrundið.

Skuldir orlofssjóðs jukust í kjölfarið og var tekið á þeirri skuldaföfnun með því að hægja á framkvæmdum þegar betur áraði í samfélaginu og viðhaldsframkvæmdum var sumstaðar frestað sökum þessa en án þess að ástand húsa hrakaði verulega. Orlofshúsin eru farin að eldast víða og unnið er að auknu viðhaldi þar sem þörf er á.

Helstu viðhaldsverkefni á síðasta starfsári eru þau að farið var í að endurskipuleggja orlofshús nr. 13 á Einarstöðum enda húsið komið til ára sinna og nauðsynlegt að bæta skipulagið. Húsið var hreinsað að innan og



öllu umturnað enda langt síðan það var orðið tímabært. Við breytingarnar var horft til þess að bæta aðgengi að sturtu í tengslum við heita pottinn sem settur var upp fyrir nokkrum árum. Breytingin kemur einstaklega vel út og ástand burðarvirkis hússins var betra en menn þorðu að vona. Kostnaður við breytinguna á húsinu var um 21 milljón þegar orlofsbyggðin var búin að greiða hlut sem snýr að byggðinni sjálfri. Ánægja félagsmanna er mikil með þessa breytingu og því var ákveðið að hefjast handa við breytingar á næsta húsi, húsi nr. 4. Framkvæmdum þar á að vera lokið fyrir sumarið 2018. Ekki hefur verið ákveðið að fara í breytingar á þriðja húsinu enn sem komið er en nýting þess er lakari yfir vetrarmánuðina sökum staðsetningar hússins.

Búið er að endurnýja eldhúsinnréttingar í orlofshúsum í Klifabotni, skipt hefur verið um parket og dýnur auk þess sem unnið hefur verið að grunnviðhaldi húsanna en þar eru áfram verkefni sem þarf að huga að á komandi mánuðum og árum. Í öðru húsinu hefur einnig verið farið í endurnýjun á baðherberginu. Mikið hefur verið kallað eftir því af félagsmönnum á svæðinu að settir verði upp heitir pottar við húsin en ekki hefur verið tekin ákvörðun um það sökum vatnsbúskaps á svæðinu en nauðsynlegt yrði að setja upp hitabúnað fyrir pottinn eða setja upp rafmangshitaðan pott sem hefur ekki reynst vel í orlofshúsum almennt.

Skipt hefur verið um eldhúsinnréttingar í orlofshúsum okkar á Kirkjubæjarklaustri sem og í Varmahlíð og var bætt við uppþvottavél í húsin auk þess sem settir voru stærri ísskáp á húsin. Í Varmahlíð var einnig farið í endurnýjun á salerni á neðri hæðinni auk þess sem sett var sturtuaðstaða þar. Farið var í endurnýjun á heita pottinum, skipt var um skel auk þess sem skipt var um lagnir og pottastýringu. Dýnur hafa verið endurnýjaðar í húsunum.

Á Kirkjubæjarklaustri hefur verið skipt um eldhúsinnréttingu í húsi B þar sem bætt hefur verið við uppþvottavél og stærri ísskáp auk þess var farið í að einangra útiskúrinn við húsið og þar var komið fyrir þvottavél. Samið var við sveitarfélagið um leigu á tveimur húsum yfir vetrartímamann þar sem mikill skortur er á húsnæði á svæðinu fyrir opinbera starfsmenn sem ekki eru búsettir á svæðinu allt árið. Það hefur komið sér vel fyrir reksturinn hjá okkur enda var nýting húsanna ekki góð yfir vetrarmánuðina.

Í Svignaskarði og Ölfusborgum hefur verið skipt um sófa í húsunum auk þess sem unnið hefur verið að minniháttar viðhaldi. Í upphafi árs 2018 ákvað miðstjórn RSÍ að selja tvö orlofshús í Ölfusborgum og er markmiðið annars vegar að fjölga íbúðum í Reykjavík sem og að vinna að fjölgum húsa á Skógarnesi á landi sem er laust til byggingar. Orlofsnefnd mun vinna að skipulaginu. Byggja á tækjageymslu fyrir þau tæki sem umsýsarmaður notar á svæðinu en húsakostur er ekki nægilega góður til viðhalds og geymslu tækja. Um verður að ræða hús sem verður um 150-200 m² hús.

Skógarnes

Orlofssvæðið okkar á Skógarnesi er alltaf jafn vinsælt á meðal félagsmanna allt árið um kring. Mikill fjöldi er ætíð yfir sumartímamann og helgarnar fjölmennar þegar tjaldsvæðið er sem mest notað. Unnið hefur verið að viðhaldi húsanna á Skógarnesi jafnt og þétt en húsin eru öll að eldast en elstu húsin, fyrir utan stóra húsið, eru 12 ára gömul og eðlilega farið að sjá á ýmsum hlutum í húsunum. Á síðustu sex árum hefur kerfisbundið verið borið á orlofshúsin og palla í kringum þau en fyrir þann tíma var ekkert unnið að slíku viðhaldi með kerfisbundnum hætti.

Nú er komið enn meira viðhaldi við fjölmarga þætti á svæðinu sem mun kalla á aukna fjármuni. Ákveðið var síðastliðið haust að endurnýja ærslabelginn sem staðsettur er á leiksvæðinu við Stóra húsið en margoft hafa verið stungin göt á dýnuna og var ástandið orðið þannig að erfitt hefur reynst að gera við götin því dúkurinn var farinn að slitna. Á sama tíma var ákveðið að nýta tækifærið og bæta við öðrum ærslabelg við tjaldsvæði B auk þess sem ákveðið var að setja upp öryggismyndavél við ærslabelginn svo mögulegt sé að fylgjast með því ef skorið verður á belgina aftur.



Í sumar stefnir Míla að því að leggja ljósleiðara inn á svæðið hjá okkur og þar með ættum við að fara að geta boðið upp á enn betri nettengingar í orlofshúsin.

Umfangið á svæðinu er að verða það mikið að nauðsynlegt verður að endurskipuleggja mannaflapörfina yfir sumartímabilið svo mögulegt verði að sinna helsta viðhaldi á sama tíma og við þjónustum okkar félagsmenn þegar þeir njóta verunnar í sumarorlofi.

Nýting orlofshúsanna

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu þá hefur nýting orlofshúsanna enn aukist á milli ára þar sem nýtingin fer úr 61% upp í tæp 67%. Hluti af skýringunni er að orlofshús hafa verið leigð út úr kerfinu yfir vetrarmánuðina á Kirkjubæjarklaustri og sést í færri dögum í heildarútleigu í kerfinu. En auk þess hefur nýtingarhlutfall hækkað í öllum okkar húsum á milli ára.

Á Akureyri hefur nýting sífellt verið mikil og á undanförunum árum hefur verið kallað eftir því að íbúðum verði fjölgað þar og á síðasta starfsári var því ákveðið að fjárfesta í nýjum íbúðum. Keyptar voru sex nýjar íbúðir við Kristjánshaga 2 og ákveðið var að selja raðhúsið við Vaðlatún strax eftir sumarið 2017 og var það afhent kaupanda í september 2017. Ákveðið hefur verið að selja tvær af þremur íbúðum í Furulundi 8 og verður möguleg afhending eftir sumarið 2018.

Orlofsnefnd RSÍ hefur unnið að því að fjölga íbúðum í Reykjavík en mikill skortur hefur verið á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu sem gerir það að verkum að fasteignaverð er töluvert hátt eins og staðan er. Upplaggið hefur verið að kaupa um það bil 10 íbúðir á sama stað og þá að selja eldri íbúðir í Ljósheimum. Gerð var skoðanakönnun á meðal félagsmanna um nýtingu þessara íbúða og hver vilji félagsmanna væri til staðsetningar og notagilda íbúða. Ljóst er að núverandi staðsetning er talin vera góð en ef farið verður í að skoða aðrar staðsetningar þá vilja félagsmenn vera á svipuðum slóðum eða nær miðbæ Reykjavíkur en það þýðir jafnframt að fasteignaverð verður í raun bara hærra og því mjög erfitt að verða við þeim óskum í sama mæli og lagt var upp með. Skoðaðar hafa verið íbúðir í Kópavogi og Garðabæ sem eru álitlegir kostir en engar ákvarðanir hafa enn verið teknar.

Ný orlofshús

Verið er að taka í notkun nýtt hús í Stykkishólmi en það er leiguhús sem við leigjum af þriðja aðila. Um er að ræða nýtt hús á mjög góðum stað í bænum og ljóst að húsið verður virkilega góð viðbót í orlofshúsakerfinu. Orlofsnefnd hefur jafnframt leitað eftir góðum húsum á Vestfjörðum eftir að við misstum húsið í Súðavík þar sem húsið var selt og ekki mögulegt að leigja áfram.

Keypt hafa verið hús erlendis til þess að endurnýja og bæta við úrvalið. Á Spáni hefur RSÍ átt tvær íbúðir um langt skeið sem þörf var á að fara í endurbætur á innan ekki langs tíma og ákveðið var að festa kaup á tveimur íbúðum í Torreveja ekki langt frá La Zenia verslunarmiðstöð. Íbúðirnar verða teknar í notkun í júní 2018 og ljóst að um vel heppnaðar íbúðir er að ræða og staðsetningin er að mörgu leyti betri en á þeim eldri.

RSÍ og MATVÍS ákváðu að fjárfesta saman í tveimur húsum á Flórída í sveitarfélagi sem heitir Davenport rétt suður af Orlando. Húsin eru í lokuðu hverfi þar sem vakt er allan sólarhringinn. Innan svæðis er vinsæll golfvöllur sem íbúar geta keypt aðgang að hverju sinni. Við golfvöllinn er klúbbhús með fínnum veitingastað auk þess sem aðgangur er að sameiginlegri sundlaug og líkamsræktarstöð fyrir þá sem leigja hús á svæðinu. Húsin sjálf eru á tveimur hæðum með fimm herbergi hvort og er sundlaug við hvort hús. Húsin eru vel búin og ljóst að þau eru góð og vinsæl viðbót.



Tjaldvagnar

Ákveðið var á fundi miðstjórnar í vetur að hætta útleigu á tjaldvögnum. Aðsókn í tjaldvagnana hefur sífellt verið að minnka og fjöldi vagna farið minnkandi. Til þess að mæta óskum þeirra sem þó hafa séð kost við að leigja tjaldvagna þá var ákveðið að veita styrk þegar félagsmenn leigja ferðavagn hjá viðurkenndri leigu.

Punktaávinnsla

Nokkuð hefur verið rýnt í punktakerfið sem úthlutun orlofshúsa byggir á yfir páska og sumartímam. Ákveðið var að breyta upphafspunktum sem félagsmenn fá þegar þeir byrja aðild að aðildarfélögum RSÍ. Þegar félagsmenn ná fyrst 6 mánaða samfelldri greiðslusögu þá fá þeir 36 punkta sem jafngildir þriggja ára greiðslum í sjóðinn. Ákveðið var að þessi regla nái til allra nýrra félagsmanna sem ekki nutu eldri reglunnar sem tengdist lífaldri nýrra félagsmanna. Er þetta gert til þess að bæta stöðu þeirra sem byrja og sérstaklega yngri nýrra félagsmanna.

Ákveðið var jafnframt að breyta reglum um punktafjölda sem dregnir eru af við leigu á húsum og markmiðið var að einfalda það kerfi. Punktafrádráttur verður minni á leigum að vetri en fer frádráttur úr þremur punktum niður í tvo og verða teknir tveir punktar óháð tímalengd að vetri. Miðstjórn hefur jafnframt í hyggju að skoða enn frekari breytingar á punktakerfinu en unnið er að greiningu á því.

2015-2017	Viðmiðun				Röð	Viðmiðun				Röð	Viðmiðun				Röð
	Dagar	Leiga	Hlutfall	2017		Dagar	Leiga	Hlutfall	2016		Dagar	Leiga	Hlutfall	2015	
Hús	2017	2017	2017	2017	2017	2016	2016	2016	2016	2015	2015	2015	2015	2015	
Reykjavík íbúðir	2.190	1.617	73,84%	9	2.190	1.482	67,67%	6	2.190	1.533	70,00%	4			
Svignaskarð	730	439	60,14%	15	730	430	58,90%	13	730	440	60,27%	12			
Vatnsfjörður	112	109	97,32%	2	365	80	21,92%	19	365	88	24,11%	19			
Varmahlíð	365	260	71,23%	10	365	218	59,73%	12	365	232	63,56%	7			
Furulundur Ak.	1.095	912	83,29%	5	1.095	891	81,37%	1	1.095	808	73,79%	3			
Vaðlatún Ak.	236	207	87,71%	3	365	283	77,53%	2	365	273	74,79%	2			
Vaglaskógur	365	271	74,25%	8	365	258	70,68%	4	365	239	65,48%	6			
Einarstaðir	1.095	511	46,67%	18	1.095	466	42,56%	16	1.095	419	38,26%	16			
Klífabotn / Illguastaðir	730	308	42,19%	19	730	237	32,47%	18	730	219	30,00%	17			
Klaustur B hús	63	63	100,00%	1	230	109	47,39%	15	365	165	45,21%	15			
Klaustur lítil hús	492	235	47,76%	17	605	209	34,55%	17	730	207	28,36%	18			
Skógarnes - minni hús	1.460	942	64,52%	13	1.460	877	60,07%	11	1.460	891	61,03%	10			
Skógarnes - stærri hús	3.650	2.304	63,12%	14	3.650	2.222	60,88%	10	3.650	2.213	60,63%	11			
Skógarnes - stóra húsið	365	209	57,26%	16	365	204	55,89%	14	365	218	59,73%	13			
Ólfusborgir	1.095	820	74,89%	7	1.095	765	69,86%	5	1.095	745	68,04%	5			
Spánn	730	610	83,56%	4	730	526	72,05%	3	730	463	63,42%	8			
Kaupmannhöfn	365	250	68,49%	12	365	235	64,38%	9	365	224	61,37%	9			
Flúðir	365	258	70,68%	11	365	236	64,66%	8	90	42	46,67%	14			
Vestmannaeyjar	200	156	78,00%	6	200	135	67,50%	7	180	159	88,33%	1			
	15.703	10.481	66,75%		16.365	9.863	60,27%		16.330	9.578	58,65%				

16: Nýting orlofshúsa

Í töflu 17 má sjá hver kostnaðurinn er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanburður á milli ára. Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði var heldur minni á milli ára eða tæplega 49% á meðan leigutekjur voru einungis um 64% árið á undan. Helsta ástæða þessarar útgjaldaaukningar eru framkvæmdir á Einarstöðum en heildarleigutekjur stóðu nánast í stað á milli ára.

Í töflu 17 má sjá hvernig tekjur og gjöld skiptast á milli mismunandi orlofshúsasvæða og jafnframt er tekjum og gjöldum skipt niður á hverja einingu (hús).



Áhugaverðast er að greina hversu há leigan er sem hlutfall af rekstrarkostnaði húsanna og sýnir taflan hvernig þróun leigu sem hlutfalls af kostnaði hefur verið á milli ára. Hagstæðustu húsin að þessu sinni (að húsunum á Kirkjubæjarklaustri undanskyldum) eru íbúðirnar á Spáni en leigutekjur sem hlutfall af rekstarkostnaði námu tæplega 164%.

2017		Fjöld.hús á ársg.velli	Heildar- tekjur 2017	Heildar- gjöld 2017	Tekjur pr.hús 2017	Gjöld pr.hús 2017	Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 2017
Reykjavík	R1	6	6.516.650	8.693.070	1.086.108	1.448.845	75,0%
Svignaskarð	V1	2	1.570.200	4.624.621	785.100	2.312.311	34,0%
Vatnsfjörður-Flókal.	V2	1	319.800	1.244.017	319.800	1.244.017	25,7%
Varmahlíð	N4	1	1.161.700	1.914.709	1.161.700	1.914.709	60,7%
Furulundur Ak.	N2	3	3.274.400	4.147.579	1.091.467	1.382.526	78,9%
Vaólatín Ak	N3	1	628.200	1.294.049	628.200	1.294.049	48,5%
Vaglaskógur	N1	1	1.311.000	3.269.507	1.311.000	3.269.507	40,1%
Einarstaðir *	A1	3	1.303.500	27.497.892	434.500	9.165.964	4,7%
Klifabotn	A3	2	827.600	2.234.798	413.800	1.117.399	37,0%
Klaustur B hús	S4	1	769.033	389.611	769.033	389.611	197,4%
Klaustur lítill - hús	S8	2	951.600	659.372	475.800	329.686	144,3%
Skógarnes - minni hús	S6	4	3.933.700	7.340.589	983.425	1.835.147	53,6%
Skógarnes - stærri hús	S9	10	11.487.500	16.167.242	1.148.750	1.616.724	71,1%
Skógarnes - aðalh.	S7	1	2.877.000	6.258.898	2.877.000	6.258.898	46,0%
Skógarn- Tjaldst/golfv	TJA	3	5.913.589	6.257.991	1.971.196	2.085.997	94,5%
Ólfusborgir	S1	3	2.679.000	5.963.632	893.000	1.987.877	44,9%
Flúðir	S2	1	1.141.050	2.931.263	1.141.050	2.931.263	38,9%
Spánn	U1	2	2.846.335	1.737.172	1.423.168	868.586	163,8%
Kaupmannahöfn	K3	1	2.002.000	3.496.894	2.002.000	3.496.894	57,3%
Vestmannaeyjar	S10	1	754.225	1.511.270	754.225	1.511.270	49,9%
Meðaltal		49	52.268.082	107.634.175	1.066.696	2.196.616	48,6%

17: Tekjur og gjöld á hvert orlofshús



Á mynd 18 má sjá hvernig leigutekjur hafa þróast á móti gjöldum orlofshúsanna frá árinu 2009 til 2017.

2017	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2017	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2016	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2015	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2014	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2013	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2012	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2011	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2010	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2009	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2008	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2007	Meðaltal 2009-2017
<i>Ljósheimar</i>	75,0%	99,2%	99,2%	104,9%	86,1%	161,1%	103,9%	79,6%	96,3%	60,6%	166%	102,9%
<i>Svignaskaró</i>	34,0%	42,0%	42,0%	24,4%	49,9%	51,5%	47,1%	58,1%	40,9%	47,2%	35%	43,0%
<i>Vatnsfjörður</i>	25,7%	22,3%	22,3%	18,2%	35,2%	27,0%	37,8%	24,4%	29,4%	22,9%	26%	26,4%
<i>Varmahlíð</i>	60,7%	61,6%	61,6%	93,3%	117,5%	67,7%	81,0%	164,2%	107,8%	91,5%	116%	93,0%
<i>Furulundur Ak</i>	78,9%	121,1%	121,1%	126,4%	160,8%	141,7%	171,3%	178,4%	132,5%	132,2%	138%	136,6%
<i>Vaolatín Ak</i>	48,5%	103,0%	103,0%	65,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0%	29,1%
<i>Vaglaskógur</i>	40,1%	85,7%	85,7%	101,6%	45,6%	73,6%	84,2%	95,9%	162,2%	38,9%	60%	79,4%
<i>Einarsstaðir</i>	4,7%	27,7%	27,7%	40,8%	26,8%	55,9%	24,2%	36,1%	33,5%	28,0%	45%	31,9%
<i>Kljfabotn</i>	37,0%	74,5%	74,5%	62,0%	80,4%	39,0%	34,8%	46,5%	82,4%	63,6%	86%	61,8%
<i>Klaustur</i>	197,4%	40,7%	40,7%	110,4%	98,7%	94,5%	46,6%	99,5%	81,8%	84,2%	43%	85,2%
<i>Klaustur lífil - húsi</i>	144,3%	80,1%	80,1%	102,8%	90,6%	41,6%	103,3%	80,9%	62,9%	48,7%	20%	77,8%
<i>Skógarnes minni hús + húsi</i>	53,6%	33,9%	33,9%	37,3%	40,9%	30,4%	29,8%	23,2%	26,6%	42,7%	34%	35,1%
<i>Skógarnes - stærri hús</i>	71,1%	38,4%	38,4%	43,5%	43,4%	34,2%	43,4%	42,1%	57,4%	53,2%	51%	46,9%
<i>Skógarnes aðalh.</i>	46,0%	68,2%	68,2%	61,5%	75,1%	62,5%	73,7%	54,7%	48,5%	82,1%	67%	64,4%
<i>Skógarnes Tjaldsv. + golf</i>	94,5%	76,7%	79,2%									83,5%
<i>Ölfusborgir</i>	44,9%	54,2%	54,2%	54,7%	66,1%	67,1%	51,1%	49,8%	46,0%	60,4%	61%	55,4%
<i>Kaupmannahöfn</i>	57,3%	65,5%	65,5%	101,8%	88,0%	81,6%	74,5%	67,2%	36,9%	48,8%	64%	68,3%
<i>Spánn</i>	163,8%	79,4%	79,4%	152,1%	125,2%	78,2%	142,4%	33,1%	88,7%	89,3%	257%	117,1%
<i>Flúðir</i>	38,9%	34,5%	34,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0%	9,8%
<i>Vestmannaeyjar</i>	49,9%	39,3%	39,3%	69,7%	50,0%	50,7%	44,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0%	31,2%

18: Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði á árunum 2007 til 2016

Styrktarsjóður

Styrktarsjóðurinn er einni mikilvægasti sjóður sem félagsmenn nýta sífellt meira. Sjúkradagpeningar eru greiddir til þeirra félagsmanna sem hafa fullnýtt veikindarétt hjá vinnuveitanda og verða þar með tekjulausir á veikindatíma. Sveiflur hafa á undanförunum árum verið miklar í greiðslum á sjúkradagpeningum til þeirra sem á þeim þurfa að halda. Sjúkradagpeningarnir eru jafnframt sá flokkur sem mest útgjöld tilheyrja. Útgreiðslur í formi sjúkradagpeninga jukust um tæplega 30% á milli áranna 2016 og 2017 og fóru úr 116,5 milljón í 150,7 milljónir.

Árið 2016 bættist inn nýr bótaflokkur sem er „fæðingarstyrkur“. Þessi styrkur er veittur til þeirra félagsmanna sem eignast börn og er skilyrði fyrir því að eiga rétt á styrknum að viðkomandi félagsmaður fari í 75% fæðingarorlof eða meira í að minnsta kosti einn mánuð eða þá 50% fæðingarorlof í 6 mánuði. Þetta er gert til þess að ýta við karlkyns félagsmönnum til þess að fara í fæðingarorlof með nýfæddu barni og á að vera hvatning til þess. Það verður að segjast eins og er að karlar hafa í minni mæli farið í fæðingarorlof eftir efnahagshrunið og er þetta liður í því að hvetja til þess að nýta þennan rétt og njóta tímans með barni.

Fæðingarstyrkurinn hefur bæði árin verið í kringum 20 milljónir samanlagt hvort árið en styrkupp hæðin sjálf hefur verið sú sama eða um 160.000 kr. sem jafngildir 100.000 kr. styrkupp hæð eftir greiðslu skatta.

Heildarupp hæð styrkja sem greiddir voru út árið 2017 var 236 milljónir tæpar og jukust um tæp 15% á milli ár. Nánari upplýsingar um upphæðir í hverjum styrktarflokki er að finna í töflu 19 auk breytinga á milli ára.



Tegund styrkja	2017			2016			Mismunur	
	Upphæð	Fjöldi umsókna	Fjöldi kennitala	Upphæð	Fjöldi umsókna	Fjöldi kennitala	Upphæð	%
Aðrir styrkir	1.394.956	16	16	836.161	10	10	558.795	66,8%
Andlátstyrkir til barna	1.021.644	1	1	1.485.420	1	1	-463.776	-31,2%
Útfararstyrkir	8.616.177	17	17	8.485.792	18	18	130.385	1,5%
Ferðastyrkir	194.000	5	5	369.000	8	6	-175.000	-47,4%
Fæðingarstyrkur	20.615.270	128	127	21.724.279	133	131	-1.109.009	-5,1%
Gleraugnastyrkir	7.103.446	235	233	7.085.317	231	231	18.129	0,3%
Glasa/tækniþróun	2.060.480	23	22	803.400	10	10	1.257.080	156,5%
Hjartavernd	631.418	64	64	506.404	52	52	125.014	24,7%
Krabbameinsskoðun	414.704	52	52	683.895	84	84	-269.191	-39,4%
Líkamsræktarstyrkir	25.831.343	1177	1144	25.828.900	1214	1177	2.443	0,0%
Læknis- og lyfjakostn.	6.653.459	78	76	5.715.921	67	60	937.538	16,4%
Meðferð hjá Sálfræðingum	3.843.000	178	129	2.758.606	147	107	1.084.394	39,3%
Sjúkrabjálfun og nudd	5.812.500	338	291	7.163.000	409	335	-1.350.500	-18,9%
Sjúkradagpen.	150.667.226	399	109	116.553.388	336	90	34.113.838	29,3%
Jólastyrkir	963.200	14	14	590.400	9	9	372.800	63,1%
SAMTALS	235.822.823	2725	2300	200.589.883	2729	2321	35.232.940	14,9%

19: Styrktarsjóðsgreiðslur árin 2016 og 2017

Mjög áhugavert er að sjá hvernig upphæðir styrkja hafa verið að breytast á lengra tímabili en í töflu 20 má sjá

Styrktarsjóður RSÍ	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Styrkir								
Sjúkradagpeningar	55.072	89.294	86.554	96.075	89.592	106.509	116.553	150.667
Fæðingstyrkur							21.724	20.615
Eingr.dánarbætur	12.172	3.357	12.958	6.351	9.017	14.139	9.971	9.638
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	5.210	5.488	5.993	6.163	5.867	5.284	7.163	5.813
Lyfja og lækniskostnaður	5.357	5.607	3.033	4.639	4.857	4.369	5.716	6.653
Hjartavernd	408	632	493	491	490	426	506	631
Glas-og tækniþróun	1.895	840	822	1.290	1.646	1.605	803	2.060
Krabbameinsskoðun	112	157	227	377	401	572	684	415
Sálfræði-og viðtalsmeðferð	0	0	1.496	1.231	1.765	2.232	2.759	3.843
Ferðastyrkir	108	251	470	224	241	246	369	194
Líkamsr. og forvarnarstarf	20.954	20.999	21.498	25.314	25.573	25.255	25.829	25.831
Gleraugnastyrkir	5.532	6.158	5.967	5.797	6.142	6.016	7.085	7.103
Styrkir v.atv.lausra	2.002	1.744	187	12	142	0	0	0
Jólastyrkur	840	1.610	1.092	1.078	403	194	590	963
Aðrir styrkir	1.698	2.030	1.950	2.255	1.184	2.553	836	1.395
Samtals	111.360	138.166	142.739	151.297	147.321	169.400	200.590	235.823
% munur milli ára		19,40%	3,20%	5,66%	-2,70%	13,03%	15,55%	14,94%
<i>*Upphæðir eru í þúsundum króna</i>								

20: Styrktarsjóðsgreiðslur árin 2010 til 2017

þróun upphæða styrkja frá árinu 2010. Í töflunni má sjá upphæðir áranna í þúsundum króna. Sjúkradagpeningar hafa á þessum árum aukist um 173%. Á sama tíma hafa heildarstyrkir hækkað um 112%.

Komi til þess að útgjöld vegna sjúkradagpeninga aukist enn frekar og þá þannig að það stefni stöðu sjóðsins í hættu þá er ætíð mögulegt að stytta styrktartímabilið en í dag er það þannig

að sjúkradagpeningar eru greiddir í 6 mánuði, vari veikindi svo lengi, auk þess er heimilt að lengja tímabilið um aðra 6 mánuði standi veikindatímabil svo lengi en ákveðin skilyrði fylgja þeirri heimild.

Fjölskylduhátíð RSÍ 2017

Fjölskylduhátíð RSÍ var haldin dagana 23. – 25. júní 2017 á Skógarnesi við Apavatn. Hátíðin er fyrir löngu orðin fastur liður í starfsemi RSÍ og aðildarfélaganna. Dagskráin var með hefðbundnu sniði en bíóleikurinn var á sínum stað en sá leikur kom inn í hátíðina árið 2008 þegar Einar Á. Kristinsson, formaður Sýningarstjóra við kvikmyndahús, reið á vaðið og bætti þessum skemmtilega leik við góða hátíð. Leikurinn fer ætíð fram snemma að morgni og ljóst að það getur hjálpað foreldrum að komast snemma á fætur því börnin eru iðulega vöknuð snemma til þess að fara að leita að boltum og fá verðlaun að launum. Víðavangshlaupið var á sínum stað,



fótboltamótið, hoppukastalar og klifurveggur voru fengnir á staðinn. Í ár var í fyrsta skipti efnt til körfuboltamóts og vakti það mót lukku og eru miklar væntingar til körfuboltamótsins á árinu 2018. Að lokum mættu Hreimur og Made in Sveitin á svæðið og trylltu lýðinn. Virkilega skemmtileg hátíð að vanda.

Fjölskylduhátíðin 2018 verður enn veglegri því tvö aðildarfélög halda upp á afmæli á þessum tímamótum. Félag tæknifólks heldur upp á 25 ára afmæli félagsins og Félag rafeindavirkja heldur upp á 50 ára afmæli félagsins. Félögin hafa tekið sig saman og gengið frá samningum við stórhljómsveit sem heitir Sálin hans Jóns míns. Ljóst er að það getur orðið fjölmennt á svæðinu en jafnframt verður sett upp HM tjald sökum þess að karlalandslið Íslands er að taka þátt í heimsmeistarakeppni í fótbolta í fyrsta skipti. Frítt verður inn fyrir félagsmenn og gesti þeirra! Félagsmenn þurfa að taka á móti gestum sínum því öðrum verður vísað frá.









Erlent samstarf

NEF

Rafiðnaðarsamband Íslands hefur tekið mjög virkan þátt í samstarfi Rafiðnaðarsambanda á Norðurlöndum um áratuga skeið. Samtökin bera skammstöfunina NEF sem stendur einfaldlega fyrir „Nordic EI-Federation“. Meðal málefna sem fjallað er um á þessum vettvangi eru menntamál rafiðnaðarmanna en jafnframt er farið yfir efnahagslega stöðu landanna, félagsleg málefni á hverjum tíma og pólitíska stöðu á hverjum tíma. Fjöldi félagsmanna í samtökunum er í kringum 100.000 rafiðnaðarmenn. Tveir fundir voru á síðasta starfsári í stjórn NEF en jafnframt funduðu undirnefndir samtakanna á starfsárinu.

Síðasta þing NEF var haldið í Reykjavík í lok árs 2016 þar sem formaður RSÍ hafði sinnt formennsku tvö ár þar á undan og færðist formennskan yfir til norska formannsins, Jan Olav Andersen. Samkvæmt samþykktum NEF sinnir hvert land formennsku í tvö ár í senn og færist með kerfisbundnum hætti á milli landanna. Næsta þing NEF verður 16. og 17. janúar 2019 og verður það haldið í Osló. Danska Rafiðnaðarsambandið mun taka við formennsku á þeim tímapunkti.

NBTF

RSÍ er aðili að Norrænu byggingamannasamtökunum (NBTF) og hefur verið lengi. Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi NBTF á nýliðnum árum þar sem ákveðið var árið 2016 að draga úr daglegum rekstri samtakanna en hingað til höfðu verið tveir starfsmenn í fullu starfi við að daglegan rekstur. Mikil umræða var um endurskipulagninguna á þessum tímamótum og var ákveðið að færa samstarfið á svipað platform og rafiðnaðarmenn starfa í NEF. Engir starfsmenn verða í vinnu hjá NBTF en í staðinn munu aðildarsamtökin taka þau verkefni inn til sín og halda þeim gangandi í samstarfi. Samhliða þessum breytingum urðu eðlilega breytingar á félagsgjöldum til samtakanna sökum lægri rekstrarkostnaðar.

RSÍ, Samiðn og SGS eru aðilar að NBTF. RSÍ og Samiðn hafa skipst á að sækja stjórnarfundum sem hefur verið skipt niður á fjögurra ára tímabil. RSÍ sækir stjórnarfundum NBTF eftir bestu getu. Formaður RSÍ hefur mætt á einn stjórnarfund og varaformaður RSÍ mætti á einn stjórnarfund í forföllum formanns RSÍ. RSÍ hefur auk þess sent fulltrúa á aðalfundi samtakanna.




EBTF

RSÍ og Samiðn eru aðilar að Evrópsku byggingamannasamtökunum. RSÍ hefur sinnt því undanfarin fjögur ár að sækja fundi í EBTF. Samiðn hefur sæti Íslands í EBTF til ársins 2018.

Þann 5. mars 2018 kom framkvæmdastjóri evrópsku byggingamannasamtakanna (EBTF/EFBWW), Sam Hägglund, á fund hér á landi. Evrópsku byggingasamtökin halda uppi miklu og góðu starfi á evrópskum grunni en helsta starfsemi fer fram í Brussel með góðum tengingum við Evrópuþingið.

EBTF stendur vörð um réttindi launafólks þegar ýmsar breytingar eru gerðar á reglugerðum og tilskipunum en helstu verkefni dagsins í dag er vinna við að tryggja réttindi starfsmanna sem fara á milli landa til starfa og stuðla að því að skýra réttarstöðu þeirra. Oft á tíðum mjög flókinn málaflokkur en þeim mun mikilvægara að upplýsingar liggi fyrir. Verkefni sem snýr að því að halda utan um félagsleg réttindi á milli landa og síðan verkefni sem snýr að því að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna sem starfa í byggingariðnaði.



21: Mynd af fundi með framkvæmdastjóra EBTF. Frá hægri: Borgþór Hjörvarsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sam Hägglund, Heimir Kristinsson og Ólafur Magnússon.

EBTF eru fjölmenn samtök en fjöldi félagsmanna er um 1,7 milljón manns og nær til 32 landa í Evrópu og um það bil 75 verkalýðsfélög eru með aðild að samtökunum. Hér á Íslandi eru það Rafiðnaðarsamband Íslands og Samiðn sem eru aðildarfélög í dag.

Miklar umræður eru um stöðu evrópsku samtakanna sem og alþjóðlegu byggingamannasamtakanna. En síðastliðið sumar komust formenn samtakanna að samkomulagi um að auka samstarf þeirra en eins og staðan er í dag þá eru samtökin bæði að starfa í Evrópu en með mjög ólíka stöðu hvað varðar aðkomu að hinum ýmsu málefnum. Samkomulagið féll óneitanlega í mjög grýttan jarðveg sem má að mjög miklu leyti skrifast á slæmt orðalag í samkomulaginu.

Í raun ætluðu menn að auka samstarfið á milli samtakanna á hinum ýmsu sviðum án þess að sameina samtökin eða leggja það evrópska niður. Hins vegar var í samkomulaginu ákveðið að boða til auka ársfundar þar sem mögulegt væri að undirbúa sameiningu eða leggja samtökin niður. Það var ekki ætlunin en tengdir aðilar sem ekki eru í innstu hringiðu urðu eðlilega óhressir með tillöguna. Málið er enn í vinnslu og óljóst hvornig það mun enda.



BWI

RSÍ er aðili að Alheimsbyggingasamtökunum BWI (Building Workers International). Ekki er um stjórnarsetu að ræða en fulltrúi RSÍ er varamaður í nefndi innan BWI. RSÍ sendi tvo fulltrúa á þing BWI sem haldið var í Durban í Suður Afríku. Kristján Þórður og Borgþór fóru fyrir hönd RSÍ. Var þetta í fyrsta sinn sem þeir sóttu þing BWI og var það mikil upplifun að mæta þingið enda nokkuð stórt í sniðum. Ýmsir fundir voru haldnir í aðdraganda þingsins en má þar nefna kvennaráðstefnu, ungliðafund og ýmsa fundi í stjórnnum og nefndum BWI. Voru þessir fundir sóttir af fulltrúum Íslands. Formaður RSÍ situr sem varamaður í World Council en ekki hefur komið til þess að þurft hafi kalla inn varamann á þeim tíma sem hann hefur verið þar sem varamaður.



Global power trade unions

Árið 2013 hófu rafiðnaðarsambönd víðs vegar í heiminum að hittast til þess að ræða málefni rafiðnaðarmanna. Fyrsti fundurinn var haldinn á Írlandi. Síðan hafa verið haldnir fjórir fundir eftir það og hafa þeir verið í Ástralíu (Sydney), Danmörku, USA (Chicago) og nú síðast á Íslandi. Þeir sem hafa verið drifkraftar í þessum samráðsvettvangi eru Danir, Írar, Ástralir og Bandaríkjamenn. Fundirnir hafa verið mjög vel sóttir af fólki af ýmsum þjóðernum. Auk þeirra sem þegar hafa verið taldir upp hafa Íslendingar, Norðmenn, Svíar, Finnar, Rússar, Kosovo menn og Mexíkóar sótt fundina svo einhverjir séu nefndir.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu NEF-félaganna að ekki sé verið að búa til ný alheimssamtök heldur að gera tengslanetið þéttara. Lögð hefur verið áhersla að reyna að ná tengingu við allar þjóðirnar og að viðkomandi lönd séu tengd alheimssamtökum á borð við BWI.

Á fundinum á Íslandi var fjallað um það með hvaða hætti væri mögulegt að efla tengslanetið á milli fundanna sem við höfum verið að halda. Ákveðið var að opna síður á Facebook, ein sem er opin „like“ síða sem áhugasamir geta líkað við en allir sem að þessu samstarfi standa geta miðlað fréttum af starfinu þarna inn. Auk þess var lokuð síða útbúin þar sem auðvelt er að miðla innri upplýsingum á milli aðila. Ljóst er að nokkur virkni hefur verið á þessum síðum þó alltaf megi gera betur.

Jafnframt var fjallað um stöðu ungs fólks í félögunum og hélt formaður RSÍ-UNG, Svanborg Hilmarsdóttir, kynningu á starfi okkar á Íslandi auk þessu voru kynningar frá danska Rafiðnaðarsambandinu sem og því breska, Unite. Fundurinn heppnaðist vel og var almenn ánægja á meðal gesta okkar með fundinn, móttökur og utanumhald fundarins.



Næsti fundur GPTU verður haldinn af Unite á Bretlandseyjum. Fundurinn verður í byrjun október 2018. RSÍ hefur ákveðið að senda fulltrúa á fundinn.

UNI Global

RSÍ er aðili að UNI Global og hefur það samstarf fyrst og fremst verið í gegnum Félag íslenskra símamanna og Félag tæknifólks í rafiðnaði. Þing UNI Global var síðast haldið í Höfðaborg í Suður-Afríku árið 2014. Lítil bein samskipti eru við UNI Global, heildarsamtökin.

UNI ICTS norden

FÍS hefur lengi verið aðili að UNI ICTS og voru samskipti þar mikil áður en FÍS gekk í RSÍ á sínum tíma. UNI ICTS er í tölvu- og símageiranum og eru málefni sem þar eru til umræðu tengd starfsemi þeirri er félagsmenn FÍS sinna hér á landi. Vinna í símaþjónustu, símsvörun og slíkt. FÍS sækir stjórnarfundum UNI ICTS og hefur tekið virkan þátt í starfinu.

UNI MEI

FTR hefur verið að vinna að því að tengjast alþjóðasamtökum á undanförunum árum og hefur náð nokkurri tengingu inn í UNI MEI. UNI MEI stendur fyrir media, entertainment & arts. Þessi hópur tengist því sambærilegum verkefnum og félagsmenn FTR sinna hér heima. Formaður FTR hefur sótt fundi í tengslum við UNI MEI á liðnu starfsári og það er ljóst að þessi vettvangur getur nýst okkar félagsmönnum vel.

IndustriAll

RSÍ hefur ákveðið að sækja um aðild að IndustriAll sem eru alþjóðleg samtök sem tengjast þeim aðilum sem gera kjarasamninga til dæmis við fyrirtæki í stóriðjugreinum. RSÍ hefur komið að samstarfi IndustriAll á síðustu árum og sérstaklega í kjaradeilu verkalýðsfélaganna við Rio Tinto í Straumsvík en þar beitti IndustriAll sér með félögunum þó svo deilan hafi ekki endað eins og best hefði verið á kosið þá var stuðningur frá samtökunum okkur mikilvægur. IndustriAll skipulagði fundi með kollegum okkar í Kanada sem til að mynda höfðu verið í svipaðri stöðu og við vorum í.




Menntamál rafiðnaðarmanna

Á árinu 2017 fór fram viðamikil greiningarvinna á starfsemi Rafiðnaðarskólans en var það ákvörðun stjórnar skólans að fá aðila utan frá til þess að rýna í starfið og koma með tillögur að úrbótum til eflingar á okkar menntakerfi. Jón Torfi Jónasson og Elsa Eiríksdóttir frá Menntavísindastofnun HÍ voru fengin í verkefnið og skiluðu þau skýrslu í október 2017.

Í stuttu máli fjallaði skýrslan um stöðu skólans, áhrifavalda í umhverfinu og framtíðina. Þau fóru mjög ítarlega yfir stöðu skólans, funduðu með fjölmörgum aðilum úr baklandi skólans, bæði í bakland RSÍ og aðildarfélagi og bakland SART. Þau áttu fjölda samtala við nemendur skólans og greindu svið skólans vel. Þegar skýrslan barst komu fram tuttugu og tvær tillögur að úrbótum í starfi skólans. Sumt smávægilegar breytingar aðrar stærri og veigameiri. Bakhópur sem síðan var skipaður til að vinna úr þessum tillögum fór yfir þær allar og lögð var áhersla á það af hálfu skýrsluhöfunda að afstaða yrði tekin til allra tillagna.

Ráðinn var verkefnastjóri til að annast innleiðingu á þeim þáttum starfsins sem nauðsynlegt yrði að fara yfir. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, hjá fyrirtækinu Projects, var ráðin inn sem verkefnastjóri. Í skýrslunni var ekki farið yfir starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins en á það var þó bent að skoða ætti möguleikann á því að tengja starfsemina betur saman því efnislega væri samlegðina að finna víða.

Ákvörðun var því tekin í baklandi stofnananna, hjá RSÍ og SART, að bæta starfsemi Fræðsluskrifstofunnar við í þetta umbótaverkefni. Því var ákveðið að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra yfir sameinaða stofnun samtakanna og ákveðið var að sameinaður rekstur fengi nafnið RAFMENNT, fræðslusetur rafiðnaðarins. Í byrjun apríl var síðan framkvæmdastjóri ráðinn í starfið. Hann heitir Þór Pálsson. Þór starfaði síðast sem aðstoðarskólameistari Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, og þar áður sem áfangastjóri Iðnskólans í Hafnarfirði í tólf ár. Hann er með meistarapróf í kennslufræði með áherslu á stjórnun (MEd). Auk þess er Þór sveinn í vélvirkjun, með C réttindi í vélstjórn og iðnmeistari í rennismíði. Það verður spennandi að fylgjast með starfsemi RAFMENNTAR á komandi mánuðum og árum.



Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2016

Starfsár Rafiðnaðarskólans 2017

Stjórn Rafiðnaðarskólans var þannig skipuð: Helgi Rafnsson(SART), formaður stjórnar, Gunnar Gunnarsson(SART), Sigurður Sigurðsson(RSÍ) og Ásvaldur Kristjánsson(RSÍ). Varamenn eru Ásbjörn Jóhannesson(SART) og Hafliði Sívertsen(RSÍ). 1. Janúar 2018 gekk Gunnar úr stjórn skólans samhliða því að hann var ráðinn í starf sviðsstjóra veikstraums við skólann. Tók Ásbjörn sæti hans fram að aðalfundi 2018.

Stjórnin hélt 8 stjórnarfundum á síðasta ári auk aðalfundar og tveggja funda vegna úttektarskýrslu á starfsemi skólans. Auk hefðbundinna funda stjórnar fóru mikil fundarhöld fram með þeim aðilum sem fengin voru til að fara yfir og skoða núverandi starfsemi Rafiðnaðarskólans með það að markmiði að efla starfsemi hans, til framtíðar litið.

Starfsmenn Rafiðnaðarskólans 2017, voru 7 fram til ágústloka er Örlygur Jónatansson, sem gegnt hafði starfi sviðsstjóra veikstraums lét af störfum.

Auk fastráðinna starfsmanna, kom 21 utanaðkomandi kennari að kennslu við skólann á árinu 2017. Eru þetta sem fyrr aðilar sem ýmist starfa sem kennarar við verkmenntaskóla eða starfa sem sérfræðingar, hver á sínu sviði sem tæknifræðingar / verkfræðingar / iðnfræðingar, á verkfræðistofum eða sjálfstætt starfandi.

Nú sem fyrr er það skoðun þeirra sem koma að stjórn Rafiðnaðarskólans, að það að fá sem hæfasta einstaklinga utan úr atvinnulífinu til að sinna kennslu á námskeiðum hér við skólann sé það form sem gagnist honum best enda er þá um að ræða einstaklinga sem eru að fást við nýjustu tækni og búnað hverju sinni. Auk nýjunga í tækni og búnaði, er ekki síður til sífellt aukinna krafna til umhverfis- og öryggismála.

Á árinu 2017 sóttu 897 þátttakendur námskeið í Rafiðnaðarskólanum, að mestum hluta á fagnámskeið og meistaraskóla auk fyrirlestra og nema frá Tækniskóla atvinnulífsins. *Sjá töflu 1. hér að neðan.*

1 : Heildaraðsókn í Rafiðnaðarskólann; fagnámskeið, fyrirlestrar og tækniskólanemar	897
2 : Fjöldi á fagnámskeið og meistaraskóla	771
3 : Fjöldi félagsmanna og annarra á fyrirlestra	106
4 : Fjöldi tækniskólanema	20

Tafla 1: Yfirlit yfir aðsókn að Rafiðnaðarskólanum

Heimild : Rafiðnaðarskólinn

Eins og sjá má á töflunni, þá voru haldin 86 námskeið og fyrirlestrar árið 2017 með 897 þátttakendum sem gera 10,4 þátttakendur pr. námskeið.



Segja má, að miðað við þensluna í Þjóðfélaginu í fyrra og undanfarin ár, þá sé það mjög gott að að ná þessari aðsókn í skólann og jafnframt með stöðugur og aukinn sýnileiki skólans hafi þar eitthvað haft að segja. Ekki má gleyma sífelldri þróun í tækni og búnaði sem að félagsmenn okkar eru að glíma við alla daga, en það ýtir á það að þeir leiti sér stuðnings til að geta tekist á við tækniþróunina.

Í töflu 2 hér að aftan, má sjá hvernig þróunin hefur verið varðandi þátttöku á námskeiðum í Rafiðnaðarskólanum frá 2007 til 2017 ásamt fjölda þeirra sem sótt hafa fyrirlestra skólans.



Fjöldi :	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Þátttakenda	815	729	1118	827	1072	1002	717	799	769	831	897
Námskeiða	88	80	112	85	100	98	78	88	71	93	90
Kennslustunda	-	-	-	-	-	-	-	2419	2176	2472	2614
Á fyrirlestra	-	-	-	-	-	-	-	200	2472	264	196

Tafla 2. Yfirlit aðsóknar að skólanum 2007 – 2016 (Heimild : Rafiðnaðarskólinn)

Ávallt er eitthvað um það að námskeið séu felld niður, en það er þá helst þegar aðsókn er mjög lítil, t.d. aðeins 2 aðilar skráðir. Hins vegar kemur það fyrir annað slagið, að þrátt fyrir dræma skráningu, að þá séu námskeið haldin og er það nær eingöngu þegar um einstaklinga er að ræða sem eru að klára meistaraskólann eða að það sé metið þannig að nauðsyn sé að keyra námskeið sem ekki hefur verið haldið í lengri tíma.

Sum námskeið eru haldin oftast en önnur og tengist það helst námi í meistaraskóla rafiðna auk þess að um leið og ný tækni ryður sér til rúms, þá eykst aðsókn í hana og má þar t.d. nefna ljósleiðaranámskeiðið, en þau eru að jafnaði 2 – 3 á önn og er það í takt við þróunina sem orðin er varðandi gagnaflutning. Haldin voru nokkur námskeið á landsbyggðinni, sem þáttur í að auka þjónustustig við félagsmenn og voru þau nokkuð vel sótt.

Jöfn og góð aðsókn hefur verið í meistaraskóla sterkstraums undanfarin ár og hefur hið fyrrnefnda annríki á vinnumarkaði ekki bitnað á þeim námskeiðum.

Líkt og sjá má á töflunni hér að neðan, Tafla 3, þá hefur þróunin verið sú, að rúmlega 30 nýir einstaklingar hafa hafið nám á ári. Auk þess er jafnframt ýtt við þeim sem stoppað hafa tímabundið í náminu um skemmri eða lengri tíma. Má sjá á töflunni, að framboðið á þeim sem útskrifast flöktir fyrir ofan og neðan þá sem ná sér í löggildingu en þá ber þess að geta, að ávallt er eitthvað um það að einstaklingar sem lokið hafa námi sækja ekki strax um löggildinu. **Sjá töflu 3.** Inn í þessum tölum MVS er ávallt eitthvað um endurnýjanir á löggildingu.



Rafvirkjar	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Nemendur *	21	29	31	35	38	35	32	33
Útskrifaðir	24	25	20	23	17	16	21	26
Ný löggildingar	25	19	19	22	19	25	20	31
* um nýnema er að ræða og einnig þá sem hafa byrjað aftur eftir hlé : 30 + 3								
2016 : 18 B, 2 A		2017 : 25 B, 5 A, 1 CB						

Tafla 3 Yfirlit yfir aðsókn í meistaraskóla rafvirkja

Heimild : Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun

Fyrir utan áhrif Meistaraskólans á almenna aðsókn í Rafiðnaðarskólann þá hefur það verið skoðun forráðamanna skólans, að gæði námskeiða á meistarastigi, t.d. hvað varðar nýjustu tækni, ýti undir og viðhaldi gæðum annarra námskeiða í skólanum.

Fram hafa komið fyrirspurnir undanfarin misseri, hvort að vægi meistaraskólans sé of mikið í starfsemi Rafiðnaðarskólans. Er því til að svara, að þó að ákveðin námskeið séu sérstaklega eyrnamerkt meistaraskólanum, svokölluð „kjarnanámskeið“, þá er það svo að öllum sem lokið hafa sveinsprófi og hafa starfað á vinnumarkaði í tiltekinn tíma eftir sveinspróf er heimilt að sækja þessi „kjarnanámskeið“. Eini munurinn er sá, að sá sem skráður er í meistaránám fær aukinn afslátt af námskeiðsverðinu auk þess sem að þeir sem sækja meistaránámið hafa að jafnaði tryggt sér fyrir sæti á fyrrnefndum kjarna_námskeiðum, sem gerir það að verkum að þau fyllast mjög fljótt, enda meistaraneimarnir með nokkuð mótaða áætlun í gangi um að ljúka námi á tilteknum tíma.

Þar sem um yfirlit/ umframeftirspurn á námskeiðum er að ræða, er þeim fjölgað ef mögulegt er.

Áberandi var á árinu hversu mikil aukning var í námskeið á vegum veitnanna, en segja má að það hafi sprottið upp af meiri öryggisvitund og er reiknað með áframhaldandi eftirspurn á komandi ári.

Vinnu við námsskrá meistaraskóla rafvirkja lauk í byrjun árs og sofnaði yfirferð á henni þegar farið var í vinnu við að stefna að stofnun Fagháskóla. Eins og ljóst hefur orðið, þá sigldi fagháskólaumræðan í strand vegna mismundandi áherslna og hugmynda ráðherra menntamála og óvíst hvenær hægt væri að taka þráðinn upp að nýju. Hefur því verið ákveðið að ljúka námsskrá faghluta meistaránáms rafvirkja og stefna á að hefja nám samkvæmt henni á haustönn 2018 eða í byrjun árs 2019.

Mun svo ætlunin að skoða / fara í uppfærslu á námsskrá meistaraskóla rafeindavirkja.

Auk fyrrnefndra fagnámskeiða þá hefur Rafiðnaðarskólinn lagt til húsnæði þegar halda á sveinspróf í rafiðngreinum eða raunfærnimat á því sviði. Auk þess hafa samtök þau sem að skólanum standa, ásamt aðildarfélögum, haft aðgang að húsnæði skólans til fundarhalds.

Stefán Sveinsson, skólastjóri



Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins


Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins Sveinspróf

Sveinspróf í rafvirkjun eru haldin í febrúar og júní ár hvert. Hefur Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins með samningi við Menntamálaráðuneytið verið falin umsýsla sveinsprófa, eftirlit með gerð og framkvæmd námssamninga í rafiðngreinum. Starfsmenn skrifstofunnar eru Ísleifur Árni Jakobsson (isleifur@rafnam.is), Jens Heiðar Ragnarsson (jens@rafnam.is) og Bára Halldórsdóttir (bara@rafnam.is).

Á árinu 2017 fengu 91 (52 og 39) nemendur sveinsbréf í rafvirkjun, 10 (8 +2) í rafveituvirkjun og 15 (9+6) fengu sveinsbréf í rafeindavirkjun. Alls 116 sveinar í rafiðngreinum.

Enginn sótti um sveinspróf í rafvélavirkjun eða símsmíði.

Alls voru samþykktir 156 námssamningar 135 í rafvirkjun, 6 í rafveituvirkjun og 15 í rafeindavirkjun.



22: Fjöldi námssamninga og afhentra sveinsbréfa undanfarin ár.



Mat á menntun

Metin var menntun 52 erlendra rafiðnaðarmanna.

Alls voru þýdd eða unnin gögn fyrir 49 rafiðnaðarmenn sem voru að sækja um störf eða skóla.

Raunfærnimat

Á árinu 2017 var raunfærnimat í raf og rafeindavirkjun bæði á vor- og haustönn.

Í raunfærnimati voru 39 (18+21) þátttakendur sem fóru í 196 (108+88) matsviðtöl og fengu 137 (73+64) áfanga metna upp á samtals 345 (185 + 160) einingar.

Þeir sem gangast undir matið þurfa að hafa lokið námi á tveimur öðrum í grunndeild rafiðna og hafa starfað í að minnsta kosti 3 ár í faginu.

Raunfærnimat í hljóðvinnslu var haldið 2017. 9 þátttakendur luku verkefninu og stóðust allir matið.

Átta stóðust EQF4 og einn EQF3. (EQF3 = Grunndeild rafiðna, EQF4 = Sveinn í rafiðn)

Ísleifur Árni Jakobsson

Rafbók.is

Á Rafbók.is, netbókasafni rafiðnaðarins, eru nú rétt um 2.500 áskrifendur og hefur þeim fjölgað um rúmlega eitt þúsund á milli ára. Mynd 23 sýnir nýja notendur á tímabilinu 1.-21. mars 2018.



23. Nýir notendur á rafbók

Heftum á Rafbókinni fjölga jafnt og þétt. Nýjustu heftin eru Formúlusafn fyrir veikstraum og Spennujöfnun í byggingum, handbók sem ætlað er að fylla það tómarúm sem verið hefur í faglegu fræðsluefni í þeim geira og er sérstaklega ætluð þeim sem vinna á þeim vettvangi.

Kennslubók í Loftstýringum er tilbúin og fer í safnið næstu daga ásamt 19. hefti Sigurðar Arnar Kristjánssonar í rafeindafræði. Það hefti fjallar um Tyristora. Í vinnslu er svo formúlusafn fyrir sterkstrauminn, þýðing Hersis Oddssonar á Spennujöfnun raflagna í iðnaði, ýmis dæmahefti svo fátt eitt sé nefnt.

Haustið 2016 hófu RSÍ og SART að færa nemendum og kennurum í rafiðnaði spjaldtölvur að gjöf og tryggja þannig jafnt aðgengi allra að gjaldfrjálsu námsefni á Rafbók.is. Á skólaárinu 2017-2018 voru 373 spjaldtölvur afhentar til nemenda í rafiðnaði. Mikil ánægja er með þessa höfðinglegu gjöf og er óhætt að segja að hún vekur mikla athygli og höfum við hlotið mikið lof fyrir.

Á mynd 24 má sjá upplýsingar um heimsóknir á vefinn 1. -21. mars 2018. Hafa ber í huga að notendur hlaða skjölunum niður á spjaldtölvurnar í flestum tilfellum og þurfa því ekki að heimsækja vefinn í hvert skipti sem



námsefnið er notað. Á þessu tímabili er toppurinn 14. mars en þá heimsóttu 125 notendur vefinn. Heimsóknirnar detta niður um helgar en þó heimsóttu 41 vefinn 11. mars.



24: Heimsóknir á rafbókarvefninn dagana 1. – 21. mars 2018

Mynd 25 sýnir fjölda síða sem voru skoðaðar á þessu sama tímabili. 12. mars voru 507 síður skoðaðar og sunnudaginn 11. mars var 151 síða skoðuð.



25: Fjöldi síða skoðaðar á tímabilinu 1. – 21. mars 2018

Kynningar á rafiðnaðarnámi voru haldnar á Norðfirði, Akranesi, Reykjanesbæ, Akureyri og Reykjavík og voru þær mjög vel sóttar. Nemendum er boðið upp á að lóða rás til eignar sem Félag rafeindavirkja gefur og óhætt er að segja að aðsóknin í það er alltaf mikil. Einnig fá nemendur og foreldrar sem eru að kynna sér rafiðnnám ýmsa athyglisöngla og upplýsingar um nám og störf rafiðnaðarmanna.

mars 2018
Bára Halldórsdóttir
starfsmaður Rafbókar
bara@rafnam.is



Ágrip af starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna 2017.

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna var hefðbundin á árinu 2017. Þ.e.a.s. að sinna ákvæðisgrunninum, kennsla í Rafiðnaðarskólanum, umsjón með geislafljóður og vinna við sveinspróf. Í ákvæðisvinnunefnd eiga sæti 4 fulltrúar, Andri Reyr Haraldsson og Tómas Tómasson frá RSÍ Guðjón Guðmundsson og Sigurður Svavarsson frá SART.

Ákvæðisvinnunefnd heldur reglulega fundi og fjallar þá um breytingar og nýja liði í ákvæðistaxtanum.

Skilyrði þess að fá aðgang að ákvæðisvinnugrunninum á netinu er að greitt sé af viðkomandi 0,1% af launum í ákvæðisvinnugjald og gildir það um félagsmenn í sveinafélögum rafvirkja og félagsmenn SART og er innheimt í eftirmenntunar-gjaldi

Samningsbundið einingaverð sveina hækkaði 1. maí á síðasta ári (2017) úr 586,07 kr. í 612,44 kr. eða um 4,5% .

Árið 2017 voru stofnuð 173 verk á vefnum en 141 verk á árinu áður. Það voru stofnuð á árinu 2017. 623 einingablöð en 681 á árinu áður, skýrist sá munur að einhverju leiti að tekinn var í notkun nemalegangur að forritinu, þar sem namar í skólum eru skráðir sem namar og koma ekki fram í tölfræðinni sem heldur utan um verk einingablöð og uppgjör en gerðu það áður.

Meðaltal eininga per klst. á síðasta ári var 6,22 einingar og þá er litið til uppgjóra. Ef miðað er við einingaverð sem tók gildi 1-5-2017 og hækkaði í 612,44 þá gera þetta 3807 kr. í laun á klst.

Kynningu á ákvæðisvinnugrunninum hefur haldið áfram meðal sveina og meistara og fagskóla ásamt því að rafvirkjar og rafverktakar hafa heimsótt undirritaðan hér á Stórhöfða 27.

Ákvæðisnefnd hélt 6 fundi á árinu 2017 varðandi ýmis mál er vörðuðu ákvæðisgrunnin og var um það bil 500. þús. varið í uppfærslur og innsetningu nýrra atriða til að gera hann notendavænni og hefur sú vinna verið í gangi það sem af er þessu ári og verður væntanlega áfram.

Á árinu 2017 hélt starfsmaður stofunnar tvö þriggja daga námskeið fyrir meistaraneina í rafvirkjun á vegum Rafiðnaðarskólans þar sem kennt er að nota ákvæðisgrunninn og gerð tilboða á forsendum ákvæðisvinnueininga.

Notkun á ákvæðisvinnu forriti 2016 og 2017						
Ár	Mánuður	Fjöldi stofnaðra verka	Fjöldi stofnaðra einingablöða	Fjöldi stofnaðra uppgjóra	Fjöldi lokaðra uppgjóra	Meðalfjöldi Eininga per Klst.
2017	12	6	47	15	18	6
2017	11	16	50	20	13	5,9
2017	10	26	98	38	39	6,4
2017	9	13	39	12	9	7,3
2017	8	12	37	24	21	6,5
2017	7	15	25	18	16	5,9
2017	6	7	38	28	25	6,1
2017	5	7	53	31	27	6,4
2017	4	14	52	33	28	6,2
2017	3	14	56	25	21	6,7
2017	2	22	53	30	34	5,6
2017	1	21	75	40	34	5,6
		173	623	314	285	6,22
						612,44
					Meðaltímlaun	3.807
2016	12	11	47	28	26	5,1
2016	11	10	45	33	32	5,8
2016	10	18	80	44	40	6,8
2016	9	15	43	32	32	6,1
2016	8	17	58	33	29	4,4
2016	7	6	44	22	20	5,8
2016	6	2	39	29	31	6,2
2016	5	8	68	38	35	5,9
2016	4	12	58	33	36	6,3
2016	3	24	89	42	40	6,7
2016	2	7	52	23	20	5,8
2016	1	11	58	31	32	5,1
		141	681	388	373	5,83

Tafla 4 Notkun á ákvæðisvinnuforriti 2016 og 2017



Þetta er skyldunámskeið í meistaranáminu og nefnast Raflagnatækni 1. Þessi námskeið hafa verið fastur liður í starfsemi stofunnar um árabil.

Ákvæðisvinnustofan skilaði hagnaði á árinu 2017 sem nam tæpum 4. milljónum kr. Eigið fé stofunnar nam í árslok tæpum 15. milljónum kr.

20. apríl 2018

Ólafur Sigurðsson

Ákvæðisvinnustofa Rafiðna

Ályktanir RSÍ á starfsárinu

Ályktun Sambandsstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands um styttingu bótatímabils atvinnuleysisbóta

Sambandsstjórnarfundur Rafiðnaðarsambands Íslands, haldinn í Borgarnesi dagana 28. og 29. apríl gagnrýnir harðlega þá fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að ætla að stytta bótatímabil atvinnuleysisbóta úr tveimur og hálfu ári í tvö ár. Stutt er síðan tímabilið var stytt úr þremur árum í tvö og hálf ár.

Rök ríkisstjórnarinnar eru þau að atvinnuástand sé gott um þessar mundir og ástæðulaust sé því að hafa bótatímabil langt. Ríkisstjórnin heitir því einnig að leggja aukna áherslu á að aðstoða fólk við að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Rafiðnaðarsambandið tekur undir þær áherslur, þ.e. að aðstoða fólk við endurkomu á vinnumarkað, en aðgerðir m.a. í starfsendurhæfingu í gegnum VIRK, hafa þegar skilað gríðarlega miklum árangri. Rafiðnaðarsambandið telur þó að eitt útiloki ekki annað, þ.e. hægt væri að halda bótatímabilinu óbreyttu og leggja einnig aukna áherslu á aðstoð við atvinnuleitendur.

Jafnvel þótt atvinnuástand sé gott nú um stundir geta alltaf einhverjir einstaklingar fallið á milli og lent í langtímaatvinnuleysi og þá þarf velferðarkerfið að koma til móts við þá einstaklinga. Aðilar vinnumarkaðarins hafa stefnt að því að koma á nýju samningalíkani á Íslandi, í ætt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum, og órjúfanlegur hluti þess er sterkt velferðarkerfi.

Sambandsstjórn Rafiðnaðarsambandsins leggst alfarið gegn hugmyndum um styttingu bótatímabilsins og hvetur ríkisstjórnina til þess að endurskoða þessar áætlanir.

2. maí 2017

Ályktun miðstjórnar vegna tilgreindrar séreignar

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambands Íslands var ákveðið að hvetja lífeyrissjóði á samningssviði ASÍ og SA að draga til baka tímabundið valkvæðið um að ráðstafa auknu framlagi í tilgreinda séreign. RSÍ er á móti því að stíga þetta skref til baka og kom þeim skilaboðum áleiðis á fundi miðstjórnar ASÍ en þrátt fyrir varnarorð á fundinum ákvað miðstjórn að senda bréf á lífeyrissjóðina. Miðstjórn RSÍ fundaði á föstudag og sendir frá sér eftirfarandi ályktun um málið:

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands harmar þá ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að hvetja lífeyrissjóði sem starfa á samningssviði ASÍ og SA að draga tímabundið til baka valkvæði um greiðslur sjóðfélaga í tilgreinda séreign. Félagsmenn hafa samþykkt þann kjarasamning sem tilgreinda séreignin er byggð á og því verður valkvæðið að standa.



Miðstjórn RSÍ áréttar að mikilvægt er að Alþingi breyti lögum um lífeyrissjóði þar sem félagsmönnum er gert heimilt að ráðstafa iðgjaldi í tilgreinda séreign eins og samið var um á sínum tíma. Þá er lykilatriði að lagabreyting verði í samræmi við ákvæði kjarasamningsins enda starfa lífeyrissjóðir í samræmi við kjarasamning ASÍ og SA.

13. nóvember 2017

Ályktun um kjararáð

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands sem haldin var dagana 16. og 17. nóvember 2017 ítrekar ályktun sína frá síðasta ári þar sem þess var krafist að kjararáð breyti fyrri úrskurðum sínum þar sem laun alþingismanna hækkuðu langt umfram aðra í samfélaginu. Við erum enn á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að gera róttækar breytingar á kjararáði þar sem nauðsynlegt er að tengja kjararáðið við raunveruleikann.

Í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem í gangi eru virðist vera áhugi á því að endurvekja viðræður um rammisamkomulag, svokallað SALEK, en öllum ætti að vera augljóst að launafólk er ekki reiðubúið til þess að fylgja afmarkaðri línu launahækkana á meðan alþingismenn og aðrir hópar sem heyra undir kjararáð njóta launahækkana og lífeyrisréttinda sem eru oft langt umfram það sem almennt gerist.

Nú stýttist í að kjarasamningar losni á almennum vinnumarkaði og þá er eðlilegt að almenningur spyrji sig hvert skuli sækja fordæmi launahækkana. Það er augljóst að aðhafist Alþingi ekkert í málinu þá er Alþingi að staðfesta að svigrúm til launahækkana sé í samræmi við úrskurði kjararáðs.

Ljóst er að alþingismenn og ráðherrar komandi ríkisstjórnar munu ekki geta borið fyrir sig varnaðarorð um óstöðugleika þegar kemur að því að verkalýðsfélög leggi fram kröfugerðir í komandi viðræðum að þessu óbreyttu.

17. nóvember 2017

Ályktun um menntamál

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands sem haldin var dagana 16. og 17. nóvember 2017 skorar á alla þingflokka sem kjörnir voru nýverið til að starfa á Alþingi að beita sér fyrir því að efla iðn- og tækninám á komandi árum. Það hefur yfirleitt ekki skort vilja til þess að tala um nauðsyn þess að fjölga þurfi nemendum í iðn- og tækninámi. Þegar á hólminn er komið hefur hingað til skort allverulega á vilja til framkvæmda.

Ráðstefnan hvetur því þá flokka sem nú standa að mótun nýs stjórnarsáttmála að setja eflingu iðngreina ofarlega á framkvæmdalistann. En meðal annars þarf að:

- Tryggja bætt aðgengi að náminu.
- Auka þarf fjármagn til skólanna sem eyrnamerkt er kennslu iðnnáms enda er námið dýrara í rekstri en hefðbundið bóknám. Iðn- og tækninám skilar almennt meiri framlegð en annað nám.
- Tryggja þarf sjálfstæði við skipulag námsins að því leyti að lengd náms þarf ekki að fylgja öðru námi heldur þarf að taka mið af því efni sem nauðsynlegt er að kenna.
- Koma þarf í veg fyrir að fjöldatakmörkanir í kennslu taki mið af hefðbundnu bóknámi því kennsla í verklegu námi krefst þess oft á tíðum að fjöldi nemenda í hverjum hópi sé minni.

Það dylst engum að á komandi árum mun samkeppnishæfni Íslands takmarkast af því hversu öflugan grunnvinnandi iðnaðarmanna við höfum til þess að vinna þau verkefni sem framundan eru. Fjórða iðnbyltingin krefst



fleiri starfsmanna með rafiðnaðarmenntun. Við megum ekki sofa á verðinum og nú er kominn tími til aðgerða af hálfu stjórnvalda í þessum málaflokki!

17. nóvember 2017



Ályktun um græðgina!

Miðstjórn Rafíðnaðarsambands Íslands skorar á stjórnir fyrirtækja á Íslandi að tryggja jarðbindingu og skynsemi í launamálum æðstu stjórnenda og leiðrétti, þar sem við á, launakjör stjórnenda niður á við þannig að launakjörin séu í samræmi við það sem tíðkast á almennum vinnumarkaði, hjá hinu venjulega fólki.

Miðstjórn RSÍ skorar á lífeyrissjóði landsins að taka höndum saman og hreinsa út úr stjórnnum fyrirtækja þá aðila sem hafa ekki staðið við þessi grundvallaratriði í rekstri fyrirtækja og tryggja jöfnuð allra starfsmanna.

Kaupaukakerfi sem skilar eingöngu efsta lagi fyrirtækis bónusgreiðslum eiga ekki við á Íslandi! Sé stillt upp hófstílltum kaupaukakerfum skal ætíð tryggja að góður rekstur fyrirtækja skili sér með nákvæmlega sama hætti til allra starfsmanna en þó helst þannig að þær vinnandi hendur sem skapa verðmætin, hinn venjulegi starfsmaður, njóti beins ávinnings erfiðisins!

Það er kominn tími til þess að landsmenn beiti hörku sinni í gegnum okkar sameiginlegu sjóði og losum okkur við gráðuga einstaklinga úr stjórnnum fyrirtækja sem virðast oft á tíðum hafa tapað allri skynsemi.

23. mars 2018